# Greinargerð

## Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki voru lögð fram til kynningar þann 8. apríl 2020 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar og Rangárþings ytra, Bændablaðinu og Dagskránni. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 22. maí 2020. Ferðaklúbburinn 4x4, Sigríður Ingólfsdóttir og Náttúruverndarsamtök Suðurlands óskuðu eftir lengdum frest og var hann veittur til 15. júní 2020. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá 118 aðilum.

Mikill fjöldi athugasemda barst vegna svæðisskiptingar og takmörkunar á umferð um svæði 1. Umhverfisstofnun ákvað því að boða til auka samráðsfunda með fulltrúum Landssamtaka vélsleðamanna, Ferðaklúbbsins 4x4 og FETAR. Niðurstaða þeirra funda var að komið var til móts við athugasemdirnar og svæði 1 minnkað, sem byggðist m.a. á því að fyrir lágu nákvæmari gögn um jarðhitasvæði sem Umhverfisstofnun aflaði.

Markmiðið með minnkun á svæði 1 er að greiða fyrir vetrarumferð um friðlandið en um leið verði tryggð verndun jarðhitasvæða.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.





# Efnisyfirlit

Svæðisskipting ... 2

Mörk svæðis,  friðlýsingarflokkur, leiðarljós áætlunar ... 5

Ráðgjafanefnd friðlandsins og hagsmunaaðilagreining ... 7

Landnotkun ... 9

Veiðar ... 9

Landgræðslusvæði ... 11

Sauðfjárbeit ... 12

Skipulag og framkvæmdir ... 13

Aðgengi og mannvirki ... 16

Vegir, bílastæði og efnistaka ... 18

Gönguleiðir og gangandi umferð ... 19

Reiðleiðir ... 22

Hjólreiðar ... 22

Raforkuvinnsla ... 25

Tjaldsvæði og tjöldun ... 25

Umferð ... 26

Öryggismál og landvarsla ... 28

Markaðssetning ... 30

Aðgerðaáætlun ... 30

Flug ... 31

Vetrarumferð ... 32

Málsmeðferð Umhverfisstofnunar ... 52

Aðrar athugasemdir ... 52

Svæðisskipting

| Svæðisskipting | Svör Umhverfisstofnunar |
|---|---|
| Sævar Þór Halldórsson gerði athugasemdir við framsetningu svæðisskiptingar í stjórnunar- og verndaráætluninni. Í athugasemdinni bendir Sævar á að flákar á kortum séu ógreinilegir og fylgi ekki landslagsformum og gerir athugasemdir við hnitsetningu og form kortsins. Sævar bendir einnig á að kortin þurfi að vera aðgengileg fyrir tæki sem almenningur notar. Hann bendir á að kortin henti vel til yfirlits en séu óhentug ef markmiðið er að nýta þau frekar og að ekki sé nægilegt að setja fram svæðaskiptinguna heldur þarf líka að fylgja hvað svæðaskiptingin þýðir. | *Varðandi ábendingar Sævars þá hefur Umhverfisstofnun endurskoðað mörk svæðis 1 þar sem umferð er takmörkuð og flákum breytt í samræmi við nákvæmari gögn um staðsetningu hvera og áhrifasvæði þeirra. Hnit af flákum verða birt sem shape-skrár á heimasíðu stofnunarinnar og verða án endurgjalds fyrir alla sem vilja hlaða þeim niður. Í áætluninni er skýrt hvaða reglur gilda um svæði 1, 2 og 3 auk þess sem bætt hefur verið skýringartexta á kort varðandi svæðaskiptingu í samræmi við athugasemdir Sævars.* |
| Í athugasemdum Michael V. Bishop kemur fram að hann telji að ákveðin þversögn felist í svæðaskiptingu m.a. vegna þess að með því að skilgreina viðkvæm svæði verði þau eftirsóknarverð fyrir gesti svæðisins sem annars hefðu ekki vitað af þeim og eins er það þversögn vegna öryggismála. Þá telur Michael að svæðaskipting geri stýringu og framfylgd erfiðari fyrir landverði, gestir eigi erfitt með að skilja svæðaskiptinguna og að svæðaskiptingu skuli ekki byggja á áhrifum af heimsóknum á svæðið. Michael leggur til að ef að skipta eigi svæðinu upp eigi Torfajökulsaskjan að vera eitt svæði og að setja eigi sérstakar reglur um hraunin við Landamannalaugar. Þá telur hann að fremur en að setja reglur um svæðin eigi að fræða gesti svæðisins um æskilega hegðun m.a. með því að skilgreina sérstaklega viðkvæm svæði og hvetja ferðamenn til ábyrgrar hegðunar og setja reglur um að í hraunum megi ekki fara út fyrir stíga. Michael leggur til að ef ákvæðum varðandi svæðaskiptingu verði ekki breytt skuli vera heimild til að veita undanþágur til að halda utan um hver fer hvert, hvenær og hvernig og bendir á nokkrar leiðir í því sambandi. | *Umhverfisstofnun telur svæðaskiptingu vera mikilvægt stjórntæki sem líklegt er til að leiða til árangurs í stýringu innan Friðlands að Fjallabaki. Með svæðaskiptingunni er lögð áhersla á sérstaka verndun viðkvæmra svæða með stýringu. Auk þess að vernda viðkvæm svæði leiðir sú stýring sem lögð er til einnig til aukins öryggis gesta. Umhverfisstofnun bendir á að svæðaskiptingin er ákveðið skref í átt að betri stýringu, en áætlunin er lifandi skjal þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi þróun í svæðaskiptingu.*<br><br>*Umhverfisstofnun tekur undir athugasemd Michael um mikilvægi þess að fræða gesti og munu landverðir halda áfram fræðslu um svæðið en Umhverfisstofnun telur engu að síður að samspil milli fræðslu og skýrra reglna sé mikilvægt. Umhverfisstofnun mun því leggja til að settar verði ákveðnar reglur sem hafa það að markmiði að tryggja verndun viðkvæmustu gróður- og hverasvæðanna og einnig tryggja öryggi gesta eins og kostur er.*<br><br>*Varðandi athugasemd um svæðaskiptingu þá hefur mörkum svæðis 1 verið breytt og þau svæði sem skilgreind eru sem svæði 1 hafa verið minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði* |

| | |
|---|---|
| | *þeirra. Einnig hefur reglu um umferð um svæði 1 verið breytt á þann hátt að nú segir að gangandi vegfarendur skulu fylgja gönguleiðum í hvívetna.* |
| FETAR gera athugasemd við svæðisskiptingu og telja að verið sé að skerða ferðafrelsi með þeim reglum sem settar eru fram, án rökstuðnings, í áætluninni. Þeir telja að ekki sé lagalegur grundvöllur fyrir þeim takmörkunum sem lagðar eru til í áætluninni. | *Hvað varðar ábendingu um lagalegan grundvöll fyrir þeim takmörkunum sem lagðar eru til í áætluninni bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um akstur utan vega kemur fram í 9. mgr.: „Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í [stjórnunar- og verndaráætlun] 2) fyrir svæðið ganga framar undanþágum frá banni við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr.“ Af þessari grein má lesa að gert er ráð fyrir að settar séu takmarkanir á akstri á friðlýstum svæðum.*<br><br>*Þá telur stofnunin ekki rétt að þær reglur sem settar eru fram séu án rökstuðnings. Að höfðu samráði við aðila sem nýta svæðið að vetri, þ.m.t. FETAR, voru mörk svæðis 1 endurskoðuð í ljósi nákvæmari gagna sem leiddu til að hægt var að afmarka jarðhitasvæði nákvæmar og minnka þar með svæði 1 umtalsvert. Sú afmörkun sem lögð er til byggir á vísindarannsóknum.* |
| Freyr Þórsson, Þór Sigurjónsson, Davíð Ingason, Ívar Ö. Lárusson, Jóhann G. Heiðarsson og Andri Björnsson gera athugasemdir við svæðaskiptingu og benda á að svæði 1 sé óeðlilega stórt og formið undarlegt og bendi til þess að mörkin séu ekki dregin við svæði sem eru raunverulega viðkvæm heldur dregin bein lína milli punkta sem eru viðkvæmir. Lögð eru fram dæmi um önnur mörk svæðaskiptingarinnar. Bent er á að betri sátt næðist um atriðið ef svæðin sem flokkast undir svæði 1 væru minni og réttari í lögun. Við afmörkun þeirra mætti nota aðferðafræði sem notuð hefur verið við gerð sprungukorta á jöklum. Þá er einnig lagt til að svæði 1 verði skipt upp eða búið til nýtt svæði m.t.t. vetrarumferðar á snjó og sumarnotkunar. | *Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust vegna svæðaskiptingar, fyrst og fremst vegna svæðis 1, óskaði Umhverfisstofnun eftir nánari gögnum varðandi jarðhitasvæði innan Friðlands að Fjallabaki. Í kjölfarið var svæðaskipting endurskoðuð og varð niðurstaðan sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og svæðin minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæðin og áhrifasvæði þeirra. Afmörkun er nú mun nákvæmari, svæðin minni og þær takmarkanir sem lagðar eru til varðandi umferð um svæðin því mun umfangsminni.* |

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Útivistar kemur fram að hverasvæðin eru aðeins hluti þess svæðis sem fellur undir svæði 1 og telur að settar séu of miklar hömlur á ferðamennsku, bæði gangandi og vélknúna umferð. Félagið skorar á Umhverfisstofnun að endurskoða ákvæði í tengslum við svæðaskiptingu og fella niður takmarkanir. Útivist telur að vænlegri leið til að tryggja að ekki sé ekið yfir hvera- og háhitasvæði sé að auka fræðslu og upplýsingagjöf, t.d. með því að kortleggja viðkvæm svæði með svipuðum hætti og gert hefur verið fyrir sprungur á jöklum. | *Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust vegna svæðaskiptingar, fyrst og fremst vegna svæðis 1, óskaði Umhverfisstofnun eftir nákvæmari gögnum varðandi jarðhitasvæði innan Friðlands að Fjallabaki. Í kjölfarið var svæðaskipting endurskoðuð og varð niðurstaðan sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og svæðin minnkuð umtalsvert. Nákvæmni í afmörkun er nú orðin mun meiri, svæðin minni og þær takmarkanir sem lagðar eru til varðandi umferð um svæðin því mun umfangsminni. Þær reglur sem gilda á svæðunum miða að því að vernda viðkvæmar jarðminjar og lífríki og telur Umhverfisstofnun þær nauðsynlegar. Reglu varðandi gangandi umferð á svæði 1 hefur verið breytt á þá leið að fylgja skuli göngustígum í hvívetna.*<br><br>*Hvað varðar kortlagningu svæðanna verða hnit af flákum birt sem shape-skrár á heimasíðu Umhverfisstofnunar og verður án endurgjalds fyrir alla sem vilja hlaða þeim niður. Umhverfisstofnun telur að ekki sé heppilegt að styðjast alfarið við þá aðferð sem notuð var við kortlagningu sprungna við svæðaskiptingu þar sem sú aðferð miðar aðeins að því að tryggja öryggi vegfarenda en sú svæðaskipting sem lögð er til hér miðar fyrst og fremst að verndun náttúruminja.* |
| Landssamband íslenskra vélsleðamanna (LÍV) gerir athugasemdir við svæðaskiptingu og telur svæði 1 vera of stórt og að svæðið sé í engu frábrugðið öðrum svæðum, þ.e. að snævi þakin jörð verndi gróður og jarðmyndanir. Þar sem hverir nái að bræða af sér snjóalög séu þeir áberandi svo að vélsleðamenn aki sleðum sínum ekki nálægt slíkum svæðum. Þá er einnig bent á að jörð frjósi á milli hvera og að snjó festi þar. | *Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust vegna svæðaskiptingar, fyrst og fremst vegna svæðis 1, óskaði Umhverfisstofnun eftir nákvæmari gögnum varðandi jarðhitasvæði innan Friðlands að Fjallabaki. Í kjölfarið var svæðaskipting endurskoðuð og varð niðurstaðan sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og svæðin minnkuð umtalsvert í samræmi við umrædd gögn um hverasvæðin og áhrifasvæði þeirra. Nákvæmni í afmörkun er nú orðin mun meiri, svæðin minni og þær takmarkanir sem lagðar eru til varðandi umferð um svæðin því mun umfangsminni.* |
| Náttúruverndarsamtök Suðurlands benda á að innan friðandsins séu nokkur sérlega viðkvæm svæði sem að mati samtakanna er ástæða til að verja | *Umhverfisstofnun bendir á að svæðaskiptingin sem sett er fram í áætluninni hafi það að markmiði að verja sérstaklega viðkvæm svæði fyrir ágangi og* |

| | |
|---|---|
| sérstaklega fyrir ágangi og vanda stýringu ferðamanna og að umgengnisreglur þar þurfi að forma betur. | *stýra umferð gesta. Umhverfisstofnun bendir á að áætlunin er lifandi skjal og hægt að meta árangur þeirra aðgerða sem settar eru fram í áætluninni jafn óðum og breyta ef þess er þörf. Umhverfisstofnun telur að þær umgengnisreglur sem settar eru fram í tillögu að áætlun séu fullnægjandi. Reynist það ekki vera svo verða umgengnisreglur á viðkvæmum svæðum endurskoðaðar.* |

## Mörk svæðis, friðlýsingarflokkur, leiðarljós áætlunar

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Landverndar kemur fram að samtökin telja rétt að endurskoða auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og að stefnt skuli að því að mörk friðlandsins nái utan um Torfajökulseldstöðina í heild. Jafnframt skuli halda áfram vinnu við að skrá Torfajökulssvæðið á heimsminjaskrá. Samtökin telja einnig að færa ætti mörk friðlandsins lengra til suðurs, e.t.v. alla leið í Hvanngil til þess að stærri svæði með viðkvæmri náttúru undir álagi á gönguleiðinni Laugaveginum kæmust undir vernd friðlandsins. Þá tekur Landvernd undir mat Umhverfisstofnunar á því að skilgreining svæðisins sem friðland eigi ekki vel við og telur að svæði sem hefur verndargildi sem þjóðgarður ætti ekki að kalla friðland. Stjórn Landverndar leggur til að nafni svæðisins verði breytt í Þjóðgarðurinn að Fjallabaki. | *Varðandi athugasemdir um stækkun friðlandsmarka og endurskoðun friðlýsingarskilmála og nafngiftar þá bendir Umhverfisstofnun á að við gerð stjórnunar- og verndaráætlana eru mörk friðlýstra svæða og friðlýsingarflokkar ekki til skoðunar. Forsendur endurskoðunar á mörkum friðlýsta svæðisins og friðlýsingarflokks eru að auglýsing um friðlýsingu Fjallabaks sé endurskoðuð. Áform eru um slíkt, sbr. kafla 3.2 í áætluninni en þar segir: Auglýsing um friðlýsingu friðlandsins verði endurskoðuð. Við endurskoðun á auglýsingu um friðlandið verða mörk og friðlýsingarflokkur endurskoðaður og þá einnig nafn friðlandsins. Í kafla 3.4.1. í áætluninni er lagt til að vinnu við skráningu Torfajökulssvæðisins á heimsminjaskrá verði haldið áfram svo svæðið hljóti viðurkenningu og vernd í samræmi við sína sérstöðu. Hér er um að ræða önnur verkefni en það sem er unnið að hér.* |
| Í athugasemdum sínum óska Freyr Þórsson, Eiður S. Valsson, Þór Sigurjónsson, Davíð Ingason, Ívar Ö. Lárusson, Jóhann G. Heiðarsson og Andri Björnsson eftir upplýsingum um til hversu mikillar stækkunar horft sé til í tengslum við þá stefnu að kannaður verði möguleiki að mörkum friðlandsins | *Forsendur endurskoðunar á mörkum friðlýsta svæðisins eru að auglýsing um friðlýsingu Fjallabaks sé endurskoðuð í heild sinni. Sú stækkun miðast við að Torfajökulseldstöðin verði innan marka svæðisins, en hún er skilgreind á jarðminjakorti í viðauka VIII í áætluninni.* |

| | |
|---|---|
| verði breytt með þeim hætti að öll Torfajökulseldstöðin verði innan marka friðlandsins. | |
| Í athugasemdum Eldvatna- samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi telja rétt og eðlilegt að markvisst verði unnið að stækkun Friðlands að Fjallabaki þannig að Torfajökulseldstöðin öll njóti friðlýsingar. | *Umhverfisstofnun bendir á að lögð er til aðgerð varðandi endurskoðun auglýsingar um friðlýsingu svæðisins og marka friðlandsins sbr. kafli 3.2., en slíkt er ekki viðfangsefni þeirrar áætlunar sem nú er lögð fram.* |
| Náttúruverndarsamtök Suðurlands vísa til athugasemda Eldvatna og taka heilshugar undir þær.<br><br>Í athugasemdunum kemur einnig fram að NSS telur fullkomlega fráleitt að ætla að halda áfram að kalla svæðið friðland líkt og tillagan gerir ráð fyrir og telur að skorti rök fyrir því. NSS telja ríka ástæðu og raunar lagaskyldu til að horfa til endurskoðunar á verndarflokk svæðisins í takt við núgildandi náttúruverndarlög og í samræmi við flokkun IUCN og telur að svæðið skuli flokkast sem þjóðgarður.<br><br>Þá vísa samtökin til athugasemda Sifjar Konráðsdóttur varðandi tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun hellisins Jörundar þar sem því er haldið fram að lög heimili ekki útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar án undangenginnar endurskoðunar ákvæða gildandi friðlýsingar. | *Varðandi endurskoðun nafngiftar og friðlýsingarflokks þá bendir Umhverfisstofnun á að við gerð stjórnunar- og verndaráætlana eru friðlýsingarflokkar ekki til skoðunar. Umhverfisstofnun vitnar í kafla 3.2 í áætluninni en þar segir: Auglýsing um friðlýsingu friðlandsins verði endurskoðuð. Við endurskoðun á auglýsingu um friðlandið verða mörk og friðlýsingarflokkur endurskoðaður og þá einnig nafn friðlandsins.*<br><br>*Varðandi athugasemd NSS um að lög heimili ekki útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar þá bendir Umhverfisstofnun á að hvorki í 44. gr né 81. gr náttúruverndarlaga er gerð sú krafa að endurskoða verði allar eldri friðlýsingar áður en stjórnunar- og verndaráætlun séu gefnar út. Þá er ekki gerð slík krafa í bráðabirgðaákvæði laganna. Hins vegar telur Umhverfisstofnun ástæðu til að endurskoða auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og hefur sett slíka aðgerð í stjórnunar- og verndaráætlunina.* |
| Landsvirkjun bendir á að ef breytingar verða á friðlýsingarflokk friðlandsins og svæðinu breytt í þjóðgarð muni það setja skorður á rekstur raforkukerfis landsins sem gæti haft í för með sér bæði skert afhendingaröryggi á raforku og lakari nýtingu vatns sem rennur til aflstöðva á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Ef ætlunin er að halda sig við verndarflokk II bendir Landsvirkjun á að skoða þarf hvort breyta þurfi mörkum svæðisins. | *Umhverfisstofnun bendir Landsvirkjun á að friðlandinu hefur verið stjórnað samkvæmt þeim reglum sem vísað er til undanfarin 40 ár og breytingar á flokki munu ekki hafa neinar breytingar í för með sér varðandi stjórnun og mannvirki sem nú þegar eru innan friðlandsins. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að mörk svæðisins eru ekki til skoðunar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar.* |

| | |
|---|---|
| Þorvarður Ingi Þorbjörnsson og Tristan Tours efh (Gunnþór Sigurgeirsson) gera athugasemd við leiðarljós áætlunarinnar og telja að tilgangi friðlýsingarinnar sé ekki náð. | *Varðand athugasemd Þorvarðar og Gunnþórs um leiðarljós áætlunarinnar þá telur Umhverfisstofnun ásamt samstarfshóp að leiðarljós áætlunarinnar styðji við stefnu hennar þar sem allir hafi á einhvern hátt aðgang að svæðinu án þess að gengið sé á náttúruverðmæti svæðisins og um leið lögð áhersla á góða upplifun mismunandi útivistarhópa. Til þess að það geti orðið þarf að stýra umferð mismunandi tegunda ferðamáta, þ.e. bíla, vélsleða, þyrla og annara loftfara, hesta, hjóla og gangandi fólks.* |
| Í athugasemdum Landsnets er bent á að í ljósi þeirra miklu takmarkana sem lagðar eru til í drögum að áætluninni væri heppilegast að mörkum friðlandsins yrði breytt þannig að Sigöldulína 4 lægi utan þess. | *Umhverfisstofnun bendir á að þær takmarkanir sem settar eru fram í sérreglum í áætluninni muni ekki hafa neinar breytingar í för með sér varðandi umgengni um mannvirki Landsnets sem nú þegar eru innan friðlandsins.* |

## Ráðgjafanefnd friðlandsins og hagsmunaaðilagreining

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Landverndar kemur fram að samtökin telja að þörf sé á endurskoðun á nafni og samsetningu friðlandsnefndar. Landvernd leggur til að farið sé eftir nýlegum fordæmum, til dæmis frá Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem umhverfisverndarsamtök eiga fulltrúa í svæðisráðum. Auk þess leggur Landvernd til að nafni nefndarinnar verði breytt í *„Þjóðgarðsnefnd“* og í nefndinni eigi sæti tveir fulltrúar Rangárþings ytra, einn fulltrúi Ferðafélags Íslands, einn fulltrúi umhverfisverndarsamtaka og Umhverfisstofnun einn sem væri formaður. | *Umhverfisstofnun bendir á að um nafn og skipan í ráðgjafanefnd friðlandsins er kveðið á um í auglýsingu um Friðlandið. Endurskoðun þeirra er ekki hluti af því verkefni sem nú er unnið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar, en þegar auglýsing um friðlandið verður endurskoðuð í samræmi við aðgerð í aðgerðaáætlun verður þetta ákvæði tekið til skoðunar líkt og öll önnur.* |
| Í athugasemd Sigríðar Ingólfsdóttur telur hún minna fara fyrir þeim sem vernda og hlúa að náttúrunni í hagsmunaaðilagreiningu, s.s. núverandi og fyrrverandi landverðir. | *Umhverfisstofnun bendir á að í hagsmunaaðilagreiningunni er Landvarðafélag Íslands sem er hagsmunafélag landvarða.* |

| | |
|---|---|
| Landsvirkjun gerir athugasemdir við hagsmunaaðilagreiningu og telur brýnt að lagfæra greininguna bæði hvað varðar fyrirtækið og raforkukerfið í heild þar sem fyrirtækið eigi ríkari hagsmuni í friðlandinu heldur en kemur fram í hagsmunaaðilagreiningunni. Einkum er nauðsynlegt að tryggja að raforkuflutningur um svæðið sé án hindrana. Landsvirkjun bendir einnig á að Landsnet er ekki tilgreint sem hagsmunaaðili. | *Umhverfisstofnun tekur undir athugasemdir Landsvirkjunar og hefur greiningin verið uppfærð m.t.t. athugasemda. Þá var haldinn fundur með fulltrúum Landsvirkjunar og Umhverfisstofnunar þar sem farið var yfir málefni tengd raforkuvinnslu og viðhaldi mannvirkja og rannsóknum tengdum henni. Umhverfisstofnun bendir einnig á að tillaga að áætluninni var auglýst opinberlega þar sem öllum gafst tækifæri til að senda inn ábendingar og athugasemdir.* |
| Landsnet bendir á mikilvægi fyrirtækisins í raforkudreifingu en Sigöldulína 4 er innan marka friðlandsins sbr. kort sem var meðfylgjandi umsögninni. Landsnet bendir á að fyrirtækið á greinilega hagsmuni á svæðinu og gagnrýnir að ekki hafi verið haft samráð við félagið, önnur orkufyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta og Samorku. | *Umhverfisstofnun tekur undir athugasemdir Landsnets og hefur greiningin verið uppfærð m.t.t. athugasemda. Umhverfisstofnun bendir einnig á að tillaga að áætluninni var auglýst opinberlega þar sem öllum gafst tækifæri til að senda inn ábendingar og athugasemdir.* |
| Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) kemur fram að samtökin gera athugasemd við stöðu sína og annarra náttúru- og umhverfisverndarsamtaka í hagsmunaaðilagreiningu, en nafn samtakanna vantar í greininguna. NSS harma mjög þá mismunun sem er í hagsmunaaðilagreiningunni og telja að notendum svæðisins sé mjög hampað á kostnað hagsmunagæslumanna náttúrunnar og telja rétt að samtökin hefðu átt að fá boð um sérstakan fund um málefni friðlandsins og tilefni stjórnunar- og verndaráætlunarvinnslunnar og óska eftir að úr því verði bætt. Varðandi ráðgjafanefnd friðlandsins telur NSS ástæðu til að endurskoða skipan nefndarinnar á þá leið að sveitarfélag hafi of hátt hlutfall nefndarmanna, skoða ætti hvort að Ferðafélag Íslands ætti eitt ferðaþjónustuaðila að eiga þar aðild og leggja jafnframt til að auk fulltrúa Umhverfisstofnunar og Rangárþings ytra eigi fulltrúar náttúruverndarsamtaka, útivistarsamtaka og ferðaþjónustuaðila sæti. Varðandi áform um reglulega samráðsfundi með hagsmunaaðilum gera | *Varðandi athugasemd NSS þá hefur samtökunum verið bætt á lista hagsmunaaðila í hagsmunaaðilagreiningu. Þá var einnig haldinn sérstakur fundur þar sem samtökunum gafst færi á að fylgja eftir sínum athugasemdum við tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun. Hvað varðar árlega samráðsfundi sem stofnunin leggur til í áætluninni hefur NSS verið bætt við sem hagsmunaaðila sem fundað skal með árlega.*<br><br>*Hvað varðar athugasemdir varðandi ráðgjafanefnd bendir Umhverfisstofnun á að um ráðgjafanefnd er fjallað í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins, en endurskoðun auglýsingarinnar er ekki hluti þess verkefnis sem unnið er að nú. Þegar auglýsing um friðlandið verður endurskoðuð í samræmi við aðgerð í aðgerðaáætlun verður þetta ákvæði tekið til skoðunar líkt og öll önnur.* |

| | |
|---|---|
| samtökin athugasemd við að vera ekki einn af þeim aðilum sem funda skuli árlega með og óska eftir að úr því verði bætt. | |

## Landnotkun

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum NSS kemur fram að samtökin sakna þess að náttúruvernd sé ekki nefnd sem einn flokkur landnýtingar. | *Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar NSS og hefur bætt náttúruvernd við sem flokki landnýtingar í kafla 2.4.* |

## Veiðar

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í umsögn Landverndar er bent á að heimskautarefur sé sjaldséður innan friðlandsins og rétt væri að friða tegundina innan friðlandsins vegna stöðu hans í íslensku lífríki.<br><br>Auk þess telur Landvernd að banna skuli alfarið veiðar á andfuglum til að koma í veg fyrir sundmannakláða. | *Ekki er gert ráð fyrir friðun refs innan marka friðlandsins heldur að um hann gildi ákvæði laga þar um. Hins vegar er mótuð stefna um að gestir svæðisins skuli ekki trufla dýralíf að óþörfu.*<br><br>*Hvað varðar veiðar á andfuglum bendir Umhverfisstofnun á að andfuglar sem bera með sér sníkjudýr sem veldur sundmannakláða séu veikir einstaklingar og að veikindi geta dregið þá til dauða. Gerður hefur verið samningur um veiðar á þessum smituðu einstaklingum til að koma í veg fyrir smit snýkjudýranna og stefnt er að því að vinna í samræmi við þann samning.* |
| Sigríður Ingólfsdóttir bendir á að betri heimild sé til um fiska heldur en sú sem nýtt sé í kafla 2.6.6. en sú heimild sé úr gömlum upplýsingarbæklingi útgefnum af Náttúruverndarráði. | *Umhverfisstofnun þakkar ábendingar um betri heimildir um fiska innan friðlandsins.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar varðandi notkun skotvopna bendir Umhverfisstofnun á að ekki hefur verið metin þörf á hvort að ástæða sé til að takmarka meðferð og notkun skotvopna innan friðlandsins og gilda því almennar reglur um veiðar að svo stöddu. Í áætluninni er þó þeim tilmælum* |

| | |
|---|---|
| Þá telur Sigríður að Umhverfisstofnun eigi að setja bann við skotveiðum og meðferð skotvopna innan friðlandsins, að undanskildum vopnum til að verjast ágangi minka.<br><br>Sigríður bendir á orðalag í kafla 2.4.2 og bendir á að ekki sé um veiðirétt að ræða heldur hefð og að engin hefð sé fyrir nýtingu vatna af hálfu heimamanna. | *beint til veiðimanna að stunda ekki skotveiðar í og við áfangastaði ferðamanna og á vinsælum gönguleiðum á þeim tíma sem ferðamenn eru á ferli í friðlandinu.*<br><br>*Varðandi veiðifélag Landmannaafréttar þá bendir stofnunin á að félagið var stofnað árið 1965, áður en friðlýsing Fjallabaks tók gildi og flokkast því undir hefðbundnar nytjar í auglýsingu um friðlýsingu Fjallabaks.* |
| NSS telja að það skorti að gera grein fyrir þeirri fiskirækt sem er stunduð í vötnum innan friðlandsins og að afstaða sé tekin til hennar. Bent er á að leggja skuli áherslu á sjálfbærni í því samhengi.<br><br>Þá leggja samtökin til að meðferð skotvopna verði óheimil innan friðlandsins að undanskildri eyðingu á mink og þeim andaveiðum sem ákvörðun hefur verið tekin um. | *Hvað varðar ábendingu um fiskirækt hefur verið bætt inn í kafla um veiðar umfjöllun um fiskirækt. í áætluninni er lögð áhersla á að öll auðlindanýting skuli vera sjálfbær í friðlandinu.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar varðandi notkun skotvopna bendir Umhverfisstofnun á að ekki hefur verið metin þörf á hvort ástæða sé til að takmarka meðferð og notkun skotvopna innan friðlandsins og gilda því almennar reglur um veiðar að svo stöddu. Í áætluninni er þó þeim tilmælum beint til veiðimanna að stunda ekki skotveiðar í og við áfangastaði ferðamanna og á vinsælum gönguleiðum á þeim tíma sem ferðamenn eru á ferli í friðlandinu.* |

## Landgræðslusvæði

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Landgræðslunnar kemur fram að hluti friðlands að Fjallabaki er innan landgræðslusvæðis sem ber heitið Árskógar og er hluti af Hekluskógum og var friðað og tekið til uppgræðslu árið 1970. Landgræðslan áréttar að hægt verði að vinna að uppgræðslu á því svæði með áburðargjöf og sáningu innlendra tegunda. | *Umhverfisstofnun hefur verið bent á af staðkunnugum að heitið Árskógar nær ekki yfir það svæði sem vísað er til sem landgræðslusvæði og getur verið villandi. Því er í áætluninni vísað til landgræðslugirðingar í umsjón Landgræðslunnar þegar fjallað er um umrætt svæði. Kafla hefur verið bætt við áætlunina sem fjallar um landgræðslu.*<br><br>*Hvað varðar athugasemdir varðandi landgræðslu á svæðinu bendir Umhverfisstofnun á að lögð er áhersla á verndun jarðminja, gróðurs og vistgerða og að svæðið þróist á eigin forsendum með náttúrulegri framvindu. Þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum verður gripið til aðgerða með uppgræðslu og endurheimt staðargróðurs. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á landgræðslu innan marka girðingar sem er í umsjón Landgræðslunnar.* |
| Skógræktin vekur athygli Umhverfisstofnunar á því að landgræðslusvæði teygi sig nyrst inn á Friðland að Fjallabaki og hafi þar meðal annars verið gróðursett birki. Skógræktin telur að það skorti umfjöllum um landgræðslu í áætluninni og frekara mat á hvort ástæða sé til frekari endurheimtar birkiskóga og víðikjarrs á fleiri stöðum innan friðlandsins.<br><br>Skógræktin bendir á að í sumum tilfellum eigi vel við að gera áætlun um hvar skuli sá eða gróðursetja birki til að stuðla að endurheimt landgæða, varanlegri landgræðslu og jarðvegsvernd. Þá sé Hekluskógaverkefnið gott dæmi um aðferðir við að endurheimta birkiskógavistkerfi á viðkvæmum svæðum í nágrenni eldfjalla og jökla. | *Varðandi ábendingar um landgræðslusvæði hefur verið bætt við kafla sem fjallar um svæðið.*<br><br>*Hvað varðar athugasemdir um landgræðslu á svæðinu bendir Umhverfisstofnun á að lögð er áhersla á verndun jarðminja, gróðurs og vistgerða og að svæðið þróist á eigin forsendum með náttúrulegri framvindu. Þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum verður gripið til aðgerða með uppgræðslu og endurheimt staðargróðurs.*<br><br>*Í áætlunina hefur verið bætt umfjöllun um að uppgræðsluaðgerðir skulu miða að því að styrkja þann náttúrulega gróður sem vex í friðlandinu og að leitað verði til fagaðila þegar þess er þörf við uppgræðslu og endurheimt gróðurs.* |

| | |
|---|---|
| Jafnframt kemur fram að Skógræktin sé ávallt reiðubúin í samstarf og ráðleggingar um málefni sem tengjast skógrækt, skógvernd og eyðingu skóga í skipulagsáætlunum. | |

## Sauðfjárbeit

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum sínum bendir Landvernd á að landið sé ekki heppilegt til beitar og benda á að gróðurvistkerfi á svæðinu séu að hruni komin. Að óbreyttu ástandi sé erfitt að sjá hvernig ástand varðandi upprekstur og nánara samstarf við fjallaskilanefndir geti samræmst áformum um náttúruvernd og telur Landvernd að rétt væri að friða land innan friðlandsins alfarið fyrir beit. Bætir Landvernd þá við að samstarf við fjallaskilanefnd ætti að felast í því að draga úr upprekstri í áföngum með það að markmiði að leggja beit alfarið af á næstu árum. Stjórn Landverndar telur að upprekstur og beit innan friðlandsins sé ekki sjálfbær. | *Umhverfisstofnun bendir á 6. reglu í auglýsingu Friðlands að Fjallabaki nr. 354/1979 þar sem segir: „Ákvæði 1.-3. Liðar reglna þessara hagga ekki rétti bænda til hefðbundinna nytja hins friðlýsta landsvæðis og skerða ekki heldur heimild þeirra til venjulegrar umferðar, dvalar eða athafna í sambandi við nýtingu nefndra landsnytja.“ Breytingar á rétti bænda til að beita fé í friðlandinu kallar á breytingu reglna í auglýsingu um friðlýsingu Fjallabaks sem er ekki hluti af gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Þegar auglýsing um friðlandið verður endurskoðuð í samræmi við aðgerð í aðgerðaáætlun verður þetta ákvæði tekið til skoðunar líkt og öll önnur.* |
| NSS bendir á að stór hluti lands innan friðlands að Fjallabaki þolir ekki sauðfjárbeit og að fyrirliggjandi landbótaáætlanir fyrir svæðið nái ekki utan um þessa staðreynd þrátt fyrir uppgræðslustarf og beitarstýringu. Þá benda samtökin á að vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands endurspegla ekki vistfræðilegt ásand vistkerfa svæðisins, né vistgetu og beina því til Umhverfisstofnunar að nýta sér kortagrunn Grólindarverkefnisins við áframhaldandi vinnu því þær upplýsingar munu gefa fræðilega ígrundaða og raunsanna mynd af ástandi vistkerfa innan svæðisins. | *Varðandi athugasemd NSS um vistgerðakort þá er Umhverfisstofnun kunnugt um að vistgerðakort NÍ endurspegli ekki vistfræðilegt ástand vistkerfa svæðisins, né vistgetu kerfanna, enda er ekki vísað til þess í áætluninni. Í vinnu Umhverfisstofnunar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar hefur komið fram að gögn Grólindarverkefnisins innan Friðlands að Fjallabaki séu ekki nægilega áreiðanleg. Umhverfisstofnun mun taka mið af kortagrunni Grólindarverkefnisins þegar verkefnið er lengra á veg komið varðandi gagnaöflun innan friðlandsins.* |

## Skipulag og framkvæmdir

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í umsögn Landverndar er bent á að skipulag svæðisins hafi verið í endurskoðun undanfarin ár og að sveitarfélagið Rangárþing ytra vilji gera breytingar á skipulagi í Landmannalaugum, m.a. varðandi flutning aðstöðu af núverandi svæði út á Sólvang. Landvernd varar við gagngerum breytingum af þessu tagi þar sem þær hafa í för með sér mikið rask á áður óröskuðu svæði, rannsóknir á áhrifum á náttúru Landmannalauga skortir auk mögulegra áhrifa á skráningu á heimsminjaskrá. Samtökin telja rétt að bíða með slíkar breytingar þar sem hálendismiðstöð í Landmannalaugum sé nú í ferli um mat á umhverfisáhrifum. Þá varar Landvernd einnig við hugmyndum um uppbyggingu hálendismiðstöðvar, vega og bílastæða sem myndi auka umferð enn frekar. | *Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir sem fjallað er um eru í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Deiliskipulagið er unnið af og á ábyrgð sveitarfélagsins. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið er ekki ígildi deiliskipulags og ákvæði deiliskipulags ganga lagalega framar ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar. Áætlunin gerir ekki ráð fyrir að farið verði í róttækar breytingar innan friðlandsins heldur að hlúað verði að þeim innviðum sem fyrir eru og þeir bættir eftir þörfum.*<br><br>*Hvað varðar afstöðu Umhverfisstofnunar til deiliskipulagsins vísast til umsagnar stofnunarinnar þar um.* |
| Freyr Þórsson, Eiður S. Valsson, Þór Sigurjónsson, Davíð Ingason, Ívar Ö. Lárusson, Jóhann G. Heiðarsson og Andri Björnsson benda á í athugasemd sinni að ákveðin þversögn felist í því að ráðast í framkvæmdir til að bæta aðgengi að svæðinu en á sama tíma grípa til hafta til að takmarka og stýra umferð um svæðið. Þeir eru mótfallnir aukinni uppbyggingu á fjöllum og vísa til áforma um uppbyggingu þjónustu í Grashaga og við Laufafell. Þá er bent á aðgerð varðandi bygginga við Eskihlíðarvatn og talin þversögn í því að fjarlægja skuli þær byggingar á sama tíma og byggja eigi upp aukna aðstöðu fyrir ferðamenn og landverði. | *Umhverfisstofnun bendir á að ekki er stefnt að því að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að bæta aðgengi að svæðinu, heldur mun fremur að viðhalda þeim mannvirkjum sem nú þegar eru til staðar. Sem dæmi um slíkt má nefna að viðhald vega er mikilvægt í því skyni að koma í veg fyrir utanvegaakstur.*<br><br>*Varðandi áform um uppbyggingu í Grashaga og við Laufafell þá er það utan friðlands og er á aðalskipulagi Rangárþings ytra. Varðandi afstöðu Umhverfisstofnunar til skipulagsins vísast til umsagnar stofnunarinnar þar um.*<br><br>*Hvað varðar ábendingu um fjarlægingu bygginga við Eskihlíðarvatn bendir Umhverfisstofnun á að um er að ræða byggingar sem ekki eru í notkun og liggja undir skemmdum. Samkvæmt 73. gr. laga um náttúruvernd nr.* |

| | |
|---|---|
| | *60/2013 er óheimilt að láta mannvirki grotna niður þannig að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru.* |
| Landsbjörg óskar eftir því að í skipulagi og uppbyggingu innviða sé gert ráð fyrir húsnæði fyrir hálendisvakt félagsins sem hefur verið starfrækt að sumarlagi síðustu ellefu árin. | *Umhverfisstofnun bendir á að í deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir hálendisvaktina.* |
| NSS gera athugasemdir við að orðið skipulagsvald sé notað í tengslum við hlutverk sveitarfélags í skipulagsmálum innan friðlandsins og telja að betur færi á því að vísa til skipulagsskyldu eða skipulagsábyrgðar.<br><br>Þá vara samtökin við þeirri hugmynd að stöðugt þurfi að byggja upp til að taka á móti fleiri gestum og spyrja í því samhengi hvort upplýst ákvörðun hafi verið tekin um rekstur fjöldaferðamannastaðar í Landmannalaugum. Þá benda samtökin á leiðir til að draga úr álagi á umhverfið, að takmarka leyfilegan fjölda gesta hverju sinni og að halda í þá „flöskuhálsa" sem til staðar eru og felast m.a. í tiltölulega erfiðu aðgengi að svæðinu. NSS hvetur til þess að með skipulagi svæðisins og umgjörð verði leitast við að snúa við þeirri þróun að samsetning ferðamanna hefur breyst, aukinn fjöldi telur ferðamenn vera orðna of marga og hækkandi hluti tjáir að dróna- og þyrluflug trufli þá. Samtökin telja að skipulag á miðhálendinu skuli hlú að náttúruferðamennsku í öræfakyrrð víðernanna en þjónustusinnaðri ferðamönnum skuli beint annað. Þá ítreka NSS athugasemdir sínar við tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum. | *Hvað varðar hugtakanotkun í tengslum við skipulag á svæðinu bendir Umhverfisstofnun á að bæði orðin séu notuð í íslenskri löggjöf og er hér því um að ræða smekksatriði. Niðurstaða samstarfshóps var að orðið skipulagsvald lýsti vel því hlutverki sem sveitarfélög fara með í skipulagsmálum innan friðlýstra svæða.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar varðandi uppbyggingu bendir Umhverfisstofnun á að ekki er áætlað að byggja mikið upp heldur hlúa að þeim innviðum sem fyrir eru og bæta þá eftir þörfum. Í því felst m.a. að ekki er áætlað að byggja upp vegi heldur stuðla að því að Vegagerðin sinna eðlilegu viðhaldi, m.a. til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.*<br><br>*Hvað varðar rekstur fjöldaferðamannastaðar bendir Umhverfisstofnun á að í stjórnunar- og verndaráætlun er ekki fjallað um að fjölga ferðamönnum á svæðinu. Lagðar eru til ýmsar leiðir til stýringar umferðar og leiðir til að takmarka fjölda gesta á ákveðnum svæðum í kafla 3.6.1. í áætluninni. Þar er t.d. lagt til takmörkun á hópastærðum á viðkvæmum svæðum og í kafla 3.7.6. hefur verið bætt inn að fjöldi bílastæða skuli taka mið af þolmörkum hvers svæðis innan friðlandsins. Lagt er til að bílastæði verði eitt af þeim stjórntækjum til að stýra fjölda gesta hverju sinni.*<br><br>*Umhverfisstofnun bendir á að settar hafa verið reglur varðandi þyrlur og drónaflug til að m.a. að vernda öræfakyrrð. Markmið áætlunarinnar er að* |

| | |
|---|---|
| | *allir innviðir skuli falla vel að umhverfinu og ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.*<br><br>*Hvað varðar ítrekun NSS á athugasemdum sínum að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum gerir Umhverfisstofnun ráð fyrir að þær hafi verið teknar til umfjöllunar á þeim vettvangi.* |
| Sigríður Ingólfsdóttir telur þörf á því að byggingar séu samræmdar í Landmannalaugum, skúrar fjarlægðir og að verslun eigi ekki heima á hálendinu. | *Markmið áætlunarinnar er að allir innviðir skuli falla vel að umhverfinu og ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Þá bendir Umhverfisstofnun á að byggingar og starfsemi skulu alltaf vera í samræmi við skipulag svæðisins.* |

## Aðgengi og mannvirki

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Landsvirkjunar kemur fram að svæðið er í næsta nágrenni við stærsta orkuvinnslusvæði fyrirtækisins og að innan svæðisins sinni fyrirtækið rannsóknum, einkum á vatnafari. Landsvirkjun benti einnig á að Sigöldulína 4 sem liggur frá Sigöldustöð er innan friðlandsins og að hún væri hvergi merkt á kort í áætluninni. Með athugasemdunum fylgdi kort þar sem línan ásamt mælistöðvum Landsvirkjunar og vegum að þeim höfðu verið merkt. Í athugasemdunum er bent á að Sigöldulína gegnir mikilvægu hlutverki í öryggi í afhendingu rafmagns til notenda og nýtingu vatns sem til ráðstöfunar er fyrir aflstöðvar Landsvirkjunar og bætir nýtingu auðlindarinnar. Línan er komin til ára sinna og gera má ráð fyrir auknu viðhaldi á næstu árum auk þess sem gera má ráð fyrir að línuna þurfi að endurnýja á næstu áratugum. | *Varðandi athugasemdir Landsvirkjunar þá bendir Umhverfisstofnun á að sérreglur í stjórnunar- og verndaráætlun muni ekki koma í veg fyrir að hægt sé að sinna viðhaldi á raflínum innan friðlandsins. Bætt hefur verið við kafla í áætlunina þar sem fjallað er um raflínur.* |
| Í athugasemdum Landsnets kemur fram að félagið mun á komandi árum þurfa að fara í framkvæmdir á Sigöldulínu 4 sem er innan marka friðlandsins og innan svæðis sem skilgreint er sem svæði 2, en óljóst er hversu umfangsmiklar þær framkvæmdir verða. Landsnet bendir á að stjórnunar- og verndaráætlunin verði að taka tillit til slíkra þátta. Þá leggur Landsnet jafnframt áherslu á að hafa greiðan aðgang að mannvirkjum | *Varðandi athugasemdir Landsnets þá bendir Umhverfisstofnun á að sérreglur í stjórnunar- og verndaráætlun muni ekki koma í veg fyrir að hægt sé að sinna viðhaldi á raflínum innan friðlandsins. Bætt hefur verið við kafla í áætlunina þar sem fjallað er um raflínur.* |
| Gísli Símonarson og Haukur Parelius benda á að slóða um Ljótapoll hafi verið lokað fyrirvaralaust og án samráðs. Þeir benda á að hægt er að breyta leiðinni og fara um aðrar leiðir til að vernda brekku sem hefur verið vandamál og óska eftir að hann verði opnaður aftur. | *Varðandi athugasemd um lokun slóða um Ljótapoll bendir Umhverfisstofnun á að umræddri leið var lokað vegna jarðvegsrofs sem umferð um slóðann veldur í hlíðum gígsins. Náttúrufræðistofnun Íslands benti á í skýrslu sinni árið 2014 að gígurinn liggi undir skemmdum vegna umferðar um gíginn. Til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á hlíðum Ljótapolls var gripið til þess ráðs að loka umræddum vegkafla. Ekki hefur verið lokað fyrir umferð upp á gígbarminn og er hægt að aka upp á hann að norðanverðu.* |

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Sigríðar Ingólfsdóttur er óskað eftir upplýsingum um hvort að leyfi hafi verið veitt fyrir byggingum við Eskihlíðarvatn.<br><br>Þá er spurt hvort að talið hefur verið saman hve mörg skilti er fyrirhugað að setja upp og stærð þeirra og hvort að endurhugsa þurfi hvort þörf sé á öllum þessum skiltum. | *Hvað varðar byggingar við Eskihlíðarvatn er ein af aðgerðum í stjórnunar- og verndaráætluninni að fjarlægja byggingar þar í ljósi þess að þær eru í niðurníðslu og verður það gert í samvinnu við eigendur þeirra.*<br><br>*Fjöldi skilta hefur ekki verið áætlaður en markmið áætlunarinnar er að allir innviðir skuli falla vel að umhverfinu og ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Skilti verða unnin í samræmi við Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum. Í aðgerðaráætlun sem fylgir stjórnunar og verndaráætlun er ein aðgerðin að gera heilstæða áætlun um uppsetningu skilta.* |
| Í athugasemdum NSS er bent á að bæta þurfi aðkomuskilti að friðlandinu og benda á staði þar sem aðkomuskilti skuli vera. Samtökin benda einnig á að þörf er á að taka vegamerkingar á svæðinu í gegn og samræma þær og að það sama eigi við um leiðbeiningaskilti. Hvað varðar varúðarskilti benda samtökin á staði þar sem setja mætti slík skilti. Þá benda samtökin einnig á að horfa mætti til þess að fjarlægja gömul ræsisrör sem liggja í Kirkjufellsós. Auk þess er bent á að Sigöldulína 4 er innan marka friðlandsins, en að um hana er ekki fjallað. Þá telja þau að Umhverfisstofnun ætti að beita sér fyrir því að fá línuna lagða í jörðu með landslagsvernd, víðerni og óbyggðaupplifun í huga.<br><br>Varðandi byggingar í Landmannahelli benda NSS á að hinn svokallaði „Eyjólfur“ er einnig í einkaeigu og að upplýsingahús í Landmannalaugum hýsir einnig vetrarsalerni og geymslu auk upplýsingaaðstöðu. | *Hvað varðar skilti er gert ráð fyrir að aðkomuskilti verði sett upp. Varðandi vegmerkingar hefur Umhverfisstofnun óskað eftir því við Vegagerðina að vegmerkingar verði bættar. Ábendingum NSS varðandi varúðarskilti verður haldið til haga og hafðar til hliðsjónar þegar staðsetning þeirra verður ákveðin.*<br><br>*Ræsisrör við Kirkjufellsós hafa þegar verið fjarlægð.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar um Sigöldulínu 4 telur Umhverfisstofnun að vega þurfi og meta kosti og galla loftlínu og jarðstrengja. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjum fylgir lagningu jarðstrengja umfangsmikið rask vegna svo stórrar raflínu. Svæðið sem línan fer um flokkast sem svæði 2 og þar er m.a. að finna nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar. Því þarf að vanda mat á kostum og göllum mjög vel áður en lagðar verða til breytingar.*<br><br>*Umhverfisstofnun bendir á að Eyjólfur er nú í eigu Veiðifélags Landmannaafréttar.* |

Vegir, bílastæði og efnistaka

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Vegagerðarinnar eru áréttuð ákvæði vegalaga nr. 80/2007 um þjóðvegi m.a. m.t.t. veghelgunarsvæða. Vegagerðin bendir á að skilgreina þurfi sérstaklega Fjallabaksleið nyrðri (F208 og 208), Landmannaleið (F225), Landmannalaugavegur (F224) á kortum og í umfjöllun þar sem Vegagerðin er veghaldari. Einnig bendir Vegagerðin á að staðsetning áningarstaða og útfærsla þeirra skuli vera í samráði við Vegagerðina og tengingar við þjóðveginn séu háðar leyfi Vegagerðarinnar. Þá er bent á að fyrirhugað aukið viðhald vega og varnargarða, fjölgun útskota og áningarstaða ásamt færslu vega kallar á talsverða efnistöku. Skortur er á efnistökusvæðum og þörf er að skrá og skipuleggja ný efnistökusvæði. Vegagerðir óskar eftir samráði hvað þetta varðar. Þá bendir Vegagerðin einnig á að meta þarf umfang, viðhald og kostnað vegna fjölgunar stika miðað við endingu á hálendinu. | *Gerðar hafa verið breytingar á áætluninni í samræmi við ábendingar Vegagerðarinnar varðandi skráningu vega og bætt við umfjöllun um að þeir séu í umsjón Vegagerðarinnar.*<br><br>*Hvað varðar efnistöku mun Umhverfisstofnun óska eftir samræðum varðandi slíkt og eins um útfærslu á vegum og áningarstöðum á svæðinu.* |
| Í athugasemdum sínum benda NSS á að fjallað sé um ófrágengna námu í Landmannalaugum við Laugahraun. Samtökin benda á að þarna er um að ræða röskun á hrafntinnuhrauni frá nútíma sem brýtur gegn ákvæðum náttúruverndarlaga um sérstaka vernd nútímahrauna. Samtökin hvetja til þess að frá þessari námu verð gengið og kannað hvort að raunhæft geti verið að skila því efni sem þaðan hefur verið tekið á sinn stað. Hvað varðar aðkomuvegi benda samtökin á að í erfiðu aðgengi er mikil og dýrmæt náttúruvernd fólgin og ætti að sporna við því með öllum ráðum að greiða þangað aðgengi á minni bílum. Einnig er bent á að uppbyggðir vegir skerða víðerni og gengur slík vegagerð þannig gegn markmið áætlunarinnar og aðalskipulagi sveitarfélagsins. | *Umhverfisstofnun bendir á að í aðgerðaáætlun er gert ráð fyrir að gengið verði frá þeirri námu sem NSS vísar til. Stofnunin telur ekki raunhæft að skila því efni sem þaðan hefur verið tekið þar sem ekki er ljóst hvar það hefur verið notað.*<br><br>*Hvað varðar vegi bendir Umhverfisstofnun á að ekki er áætlað í stjórnunar- og verndaráætlun að byggja upp vegi innan eða að Friðlandinu, en stefnt er að því að óska eftir því við Vegagerðina viðhald vega verði aukið, m.a. í því skyni að koma í veg fyrir utanvegaakstri.* |
| Í athugasemd Hellismanna er bent á að gámur sem staðsettur er við Landmannahelli sé leigður á kostnað Hellismanna og sé ekki ætlaður öðrum | *Umhverfisstofnun tekur undir athugasemd Hellismanna og hefur breytt texta í kafla 2.5.10 í samræmi við athugasemd.* |

| | |
|---|---|
| en viðskiptavinum Hellismanna. Óskað er eftir því að texti í kafla 2.5.10 verði lagfærður til samræmis við athugasemdina. | |

## Gönguleiðir og gangandi umferð

| | *Svör Umhverfisstofnunar* |
|---|---|
| Landvernd telur að umferðastýring á stígum í nágrenni Landmannalauga og hugsanleg notkun ítölu geti komið að gagni við vernd náttúru og lífríkis á svæðinu. Samtökin benda á að í þessu samhengi hafa heyrst hugmyndir um að koma upp einstefnuumferð á Laugaveginum og styðja samtökin þær. | *Möguleikar á aukinni stýringu umferðar um friðlandið eru taldir upp í kafla 3.6.1. Þar er m.a. umræða um fjöldatakmarkanir og takmarkanir á stærðum hópa sem heimsækja viðkvæm svæði hverju sinni. Þá er í aðgerðaráætlun sett fram tillaga að stofnun samráðshóps um Laugaveginn þar sem m.a. verði fjallað um að skoðaðir verði möguleikar á að gera Laugaveginn að einstefnuleið. Einnig er gert ráð fyrir að gönguleið um Grænagil verði gerð að einstefnuleið til að draga úr álagi og auka upplifun ferðamanna.* |
| Hellismenn benda á að lagfæra þarf lýsingu á gönguleiðinni Hellismannaleið. | *Búið er að laga í texta áætlunarinnar þess efnis að Hellismannaleið liggi um Áfangagil í Landmannahelli og þaðan í Landmannalaugar.* |
| Sigríður Ingólfsdóttir varar við að byggingu fljótandi göngustígs yfir mýrar og leggur til að gönguleiðir séu frekar gerðar á ógrónum svæðum. | *Þar sem gert er ráð fyrir fljótandi göngustígum verða þeir hannaðir og gerðir með nýjustu tækni þannig að þeir sökkvi ekki ofan í votlendið eða verði til þess að gengið verði utan þeirra.* |
| Í umsögn Helga. B. Helgasonar bendir hann á að víða hafi myndast ljót ummerki í náttúru á friðlandinu sökum gangandi vegfarenda Laugarvegsins og bendir hann á að þörf sé á frekari vinnu við stígagerð. | *Umhverfisstofnun vinnur stöðugt að viðhaldi gönguleiða á friðlýstum svæðum og ræðst sú vinna meðal annars af fjármagni og mannafla hverju sinni. Í Friðland að Fjallabaki er mikill fjöldi gönguleiða og er gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun að gera áætlun um forgangsröðun á viðhaldi göngustíga. Gert er ráð fyrir árlegu eftirliti með öllum gönguleiðum.* |
| Í athugasemd Sævars Þórs Halldórssonar kemur fram að hann telji sérreglu um að umferð fólks utan gönguleiða og áningarstaða óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar ekki samræmast ákvæðum laga varðandi almannarétt. | *Umhverfisstofnun bendir á að skv. 81. gr. laga um náttúruvernd er stofnuninni heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í stjórnunar- og verndaráætlun friðlýstra svæða. Hvað varðar sérreglu á svæði* |

| | |
|---|---|
| Sævar leggur til eftirfarandi í stað fyrrgreinds: „Gestir skulu halda sig á gönguleiðum og innan áningastaða.“ | *1 hefur henni verið breytt með þeim hætti að nú hljóðar hún þannig að gangandi vegfarendur skulu fylgja gönguleiðum í hvívetna. Umhverfisstofnun telur að umrædd regla sé ekki brot á reglum um almannarétt þar sem merktir hafa verið göngustígar í því skyni að hægt sé að fara um landið þrátt fyrir að það sé mjög viðkvæmt.* |
| Í athugasemdum Útivistar kemur fram að samtökin telja umdeilanlegt hvort stýring í formi einstefnu á Laugaveginum sé nauðsynleg en benda jafnframt á að hugsanlega gæti það verið gagnlegt yfir háannatíma. Utan háannatíma telur Útivist að ekki sé þörf á slíkum takmörkunum. Í því sambandi er bent á að gagnlegt væri að skilgreina þjónustutíma gönguleiðarinnar þannig að ljóst sé á hvaða tíma árs sé þjónusta í boði á leiðinni. | *Möguleikar á aukinni stýringu umferðar um friðlandið eru taldir upp í kafla 3.6.1. Þar er m.a. umræða um fjöldatakmarkanir og takmarkanir á stærðum hópa sem heimsækja svæðið hverju sinni. Þá er í aðgerðaráætlun sett fram tillaga að stofnun samráðshóps um Laugaveginn þar sem m.a. er lagt til að skoðaðir verði möguleikar á að gera Laugaveginn að einstefnuleið, í því felst að kostir og gallar mismunandi leiða verði skoðaðir.* |
| Gísli Símonarson og Haukur Parelius telja reglu um að umferð fólks utan gönguleiða og áningastaða sé óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar sé of víðtæk og harkaleg auk þess að færa Umhverfisstofnun of mikið vald og að verið sé að hefta ferðafrelsi umfram þörf þar sem náttúran bíði ekki skaða af þessari gerð umferðar. Telja þeir ráðlegra, skynsamlegra og eðlilegra að styrkja upplýsingagjöf og fræðslu. Þá telja þeir að hugsanlega mætti beita fjöldatakmörkunum eins og lagt er til en telja að takmörkun við 15 manns sé of þröngt og rýmka mætti í 25 manns. | *Umhverfisstofnun bendir á að gert er ráð fyrir að stofnuninnin sé heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl, þ.m.t. gangandi umferð, í 81. gr. laga um náttúruvernd. Með vísan til svæðis 1 þar sem gert er ráð fyrir að göngufólk skuli fylgja gönguleiðum í hvívetna, hafa þau svæði verið minnkuð verulega frá upphaflegri tillögu. Stofnunin bendir á að svæðin sem um ræðir eru mjög viðkvæm og þola ekki ágang. Af þeim sökum er aðeins gert ráð fyrir gangandi umferð á skilgreindum gönguleiðum og á svæði 2 er gert ráð fyrir að gönguleiðum sé fylgt þar sem þær eru til staðar. Varðandi fjöldatakmarkanir þá er lagt til að miða við 15 manns á ákveðnum viðkvæmum svæðum, en ef fjöldi fer yfir það sé haft samráð við landvörð eða umsjónarmann svæðisins. Þá er metið hverju sinni ástand umrædds svæðis sem áformað er að fara um og hvort talið sé að það þoli stærri hóp en 15 manns.* |
| Í athugasemdum Michael V. Bishop kemur fram að hann telji að skráning gönguleiða sem ekki eru merktar á kort muni auka álag á viðkvæmum svæðum og leiða til myndunar á stígum á svæðunum. Hann bendir einnig á | *Umhverfisstofnun bendir á að þær leiðir sem merktar hafa verið inn á kort eru nú þegar talsvert mikið gengnar og telur stofnunin mikilvægt að* |

| | |
|---|---|
| að merking á kort veiti misvísandi upplýsingar varðandi öryggi og aðgengileika. Hann leggur því til að þessar leiðir verði ekki merktar á kort. | *skilgreina þessar leiðir svo að gestir svæðisins fylgi einni leið og þannig minnka líkur á myndun fleiri gönguleiða á þeirri leið.*<br><br>*Gönguleiðir eru nú merktar á kort með þrennum hætti; Gönguleið, auðveld, stikuð; Gönguleið, krefjandi, stikuð; Gönguleið, krefjandi, óstikuð. Með þessu formi merkingar eru göngumönnum veittar upplýsingar um merkingar á leiðum ásamt erfiðleikastigi.* |
| Í athugasemd Náttúruverndarsamtaka Suðurlands lýsa samtökin áhyggjum sínum yfir lagningu nýrra gönguleiða um háhitasvæða og ætti frekar að leggja leiðirnar um jaðar svæðanna auk þess að brýna fyrir fólki að valda ekki raski á náttúru og passa upp á eigið öryggi. Einnig efast samtökin um ágæti þess að setja lengri og meira krefjandi leiðir á kort og mælast samtökin gegn því að athygli sé vakin á leiðum eins og um Jökulgil, í Muggudali og í Hólmsárbotna.<br><br>Samtökin telja að frekar ætti að setja sérstaka vernd á háhitasvæðin. Þá efast samtökin um að merkja skuli lengri og meira krefjandi og villugjarnar leiðir fram á korti líkt og gert er í tillögu að áætluninni. Telja samtökin að frekar ættu landverðir að leiðbeina vanari ferðamönnum um leiðirnar. Þá benda samtökin á að mikilvægt sé að þær gönguleiðir sem settar eru fram séu samræmdar í merkingum m.t.t. þess hvort þær eru villugjarnar eða varasamar að öðru leyti. Þá benda samtökin á atriði sem betur mætti fara á einstaka gönguleiðum, upp á Laufafell, gönguleiðina frá Landmannahelli í Dalakofa og leið frá Hrauneyjum og Dalakofa í friðlandið. Loks benda samtökin á að varúð þarf að hafa við lagningu leiða um gljúpan jarðveg um laus gjóskulög. | *Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki stendur til að leggja nýjar gönguleiðir um háhitasvæðin heldur skilgreina eina leið um svæðin sem nú þegar eru reglulega gengnar af stórum hópum. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þær leiðir sem NSS nefnir í umsögn sinni eru nú þegar talsvert mikið gengnar og telur stofnunin mikilvægt að skilgreina þessar leiðir svo fylgt sé einni leið og minnka þannig líkur á myndun fleiri gönguleiða á þeirri leið.*<br><br>*Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar NSS um að æskilegt sé að gönguleiðir liggi í jaðri háhitasvæða en ekki um þau. Stofnunin hefur tekið það til skoðunar og m.a. fært tvær gönguleið út fyrir háhitasvæði þar sem það var mögulegt. Annarsstaðar þar sem fjölfarnar stikaðar gönguleiðir liggja í gegnum háhitasvæði er gert ráð fyrir í aðgerðaráætlun að girða þau svæði af eða setja upp leiðbeinandi skilti.* |
| Landsbjörg bendir á að við skipulag og gerð göngustíga á svæðinu ætti að taka tillit til merkinga á svokölluðum „decision points". | *Umhverfisstofnun bendir á að ein af aðgerðum í aðgerðaáætlun er merking á decision points.* |

## Reiðleiðir

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Landssamband hestamannafélaga (LH) bendir á kortasjá LH þar sem skrásettar eru reiðleiðir af öllu landinu, þar með talið reiðleiðir innan Friðlands að Fjallabaki. Skráningin er unnin í samstarfi við Loftmyndir ehf. Einungis eru reiðleiðir sem eru á staðfestu aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags settar í kortasjána. vekur athygli á því hvernig merking reiðleiða er á öðrum svæðum á landinu og að ósamræmi gegni í stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki við þær leiðir. | *Umhverfisstofnun þakkar ábendingar Landssambands hestamannafélaga og mun hafa kortasjána til hliðsjónar við merkingar á reiðleiðum.* |
| Í umsögn Hellismanna er bent á ósamræmi í hugtakanotkun þar sem ýmist eru notuð orðin hestagerði eða áningarhólf. Bent er á að einfaldast væri að nefna áningarhólf þar sem heimilt er að stoppa stutta stund og hestagerði þar sem hestar geta verið til lengri tíma. | *Umhverfisstofnun tekur undir ábendingu Hellismanna og hefur einfaldað orðalagið þannig að nú er aðeins vísað til hestagerða og eru þau skilgreind á korti.* |
| NSS leggja áherslu á að þær reiðleiðir sem ekki fylgja vegum verði metnar m.t.t. möguleika á hættu á gróðurskemmdum og rofi áður en þær verða festar. | *Gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun að ástand reiðleiða verði metið reglulega og brugðist við í kjölfarið verði þess þörf.* |

## Hjólreiðar

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) óskuðu eftir nánari rökstuðningi við tillögum að lokun hjólaleiða og varð Umhverfisstofnun að óskum samtakanna. LHM gera eftirfarandi athugasemdir við rökstuðning Umhverfisstofnunar:<br><br>**Grænagil** – Það eru ekki málefnaleg rök fyrir lokun að leið sé torfær eða að farið sé yfir gróft hraun á meðan haldið sé eftir stíg. Það þýðir hins vegar að hraði hjólreiðamanna á leiðinni verður lítill, og engum mun stafa hætta af | ***Grænagil*** *–rök fyrir lokun fyrir hjólaumferð: Löng hefð er fyrir því að ganga um Grænagil. Um er að ræða torfæra leið sem liggur á stórum kafla yfir gróft hraun, viðkvæmar jarðminjar, fléttur og mosagróður, gert er ráð fyrir einstefnu á þessari leið og einbreiðri gönguleið í gegnum hraunið. Umrædd gönguleið er ein sú fjölfarnasta í friðlandinu og telur Umhverfisstofnun ekki raunhæft að þar sé bæði gangandi og hjólandi umferð um svo úfið hraun og viðkvæmt svæði.* |

| | |
|---|---|
| ferðum þeirra. Ekki verður séð að vísun í viðkvæman gróður eigi frekar við um umferð hjólandi en gangandi, sem þó stendur ekki til að takmarka. Verði einstefna ákveðin, á grundvelli umferðarþunga, er auðvitað sjálfsagt að hjólreiðamenn virði hana, eins og aðrir.<br><br>LHM leggjast því gegn banni við hjólreiðum um Grænagil | |
| **Bláhnúkur** - Landssamtökin taka undir að hröð umferð hjólreiða og gangandi umferð eigi ekki vel saman en benda á að umferð gangandi er ekki alltaf til staðar og því takmarkað meðalhóf að banna allar hjólreiðar á grundvelli mesta álagstíma. Landssamtökin telja hentugra að takmarka t.d. umferð reiðhjóla á ákveðnum tímum dags, þegar von er á mestu umferð gangandi fólks á Bláhnúk, til dæmis morgun og fram á síðdegi. | ***Bláhnúkur*** *– Rökstuðningur: Á Bláhnúk er mikil umferð gangandi fólks jafnt og þétt yfir allan daginn að sumarlagi. Á Bláhnúk eru auk þess langar, brattar brekkur sem stofnunin telur ekki henta gangandi og hjólandi umferð á sama tíma. Varðandi þá hugmynd að hleypa umferð reiðhjóla á ákveðnum tíma dags þá telur Umhverfisstofnun ekki æskilega miðað við þá umferð gangandi fólks sem er um svæðið í dag. Umhverfisstofnun er aftur á móti tilbúin til þess að skoða tillögur Landssambands hjólreiðamanna að mögulegri útfærslu á að samtvinna hjólandi og gangandi umferð á Bláhnúk.* |
| **Uppgönguhryggur** LHM benda á að sáralítil umferð gangandi er um Uppgönguhrygg, e.t.v. að meðaltali þrír gönguhópar á dag yfir hásumarið og hópar hjólreiðamanna talsvert færri. Vegna þessa telja LHM ekki ástæðu til að stýra hjólreiðamönnum sérstaklega umfram umferð gangandi á hryggnum. Þá benda samtökin á að sé verulegt vandamál í dag að fólk sé alltaf að mætast á hryggnum, væri a.m.k. réttar að takmarka fjölmennasta hópinn áður en farið er í að takmarka mun fámennari hópa. Þá er LHM ókunnugt um að margar kvartanir hafi borist vegna umferðaöngþveitis á Uppgönguhrygg. Leggjast Landssamtökin gegn banni við hjólreiðum um Uppgönguhrygg. | ***Uppgönguhryggur*** *– Rökstuðningur: mjög mjór göngustígur, brattar brekkur og erfitt að mæta hjólandi umferð þar sem mjög bratt er til beggja hliða. Umhverfisstofnun bendir þó á að sjálfsögðu er heimilt að teyma hjól á þeim köflum gönguleiða sem hjólandi umferð er bönnuð.* |
| Þá leggjast samtökin einnig gegn banni við hjólreiðum að **Rauðafossi**. LHM viðurkennir að svæðið sé viðkvæmt og þarfnist aðgerða til að draga úr átroðningi en mislíkar hvernig áætlunin horfir framhjá þeim útivistarhópi | ***Rauðifoss*** *– Rökstuðningur: mjög viðkvæmur gróður í og við gönguleið á stórum hluta leiðarinnar. Þegar nálgast Rauðafoss er komið inn á mosagróið svæði. Ofan Rauðafoss er oftast blautt svæði að mestu mosavaxið* |

| | |
|---|---|
| sem veldur meira raski, það er göngufólk. LHM telja að reiðhjól fari að jafnaði ekki verr með gróður en umferð gangandi á stífum gönguskóm. Þá séu engin málefnaleg rök fyrir því að banna hjólreiðar frá bílastæði að fossi eftir nokkuð vel troðinni leið. Hinsvegar, á meðan leiðin frá fossi og áfram upp úr, er á rauðum lista, er LHM sammála um að takmarka umferð hjólandi. | *langleiðina að enda gönguleiðar og göngustígar eru þröngir. Svæðið er á appelsínugulum lista vegna jarðvegsrofs og gróðurskemmda.*<br><br>*Varðandi athugasemd Landssamtaka hjólreiðamanna þá telja Umhverfisstofnun og samstarfshópur um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar að hjólreiðaumferð skuli vera stýrt í friðlandinu og óheimil á tilgreindum svæðum í áætluninni. Settur hefur verið inn ítarlegri texti í áætlunina í kafla 3.7.9. þar sem segir: „Hjólreiðaumferð skal vera stýrt eða takmörkuð á gönguleiðum sem liggja um sérstaklega viðkvæmar vistgerðir og/eða jarðminjar og þar sem gönguleiðir eru torfærar, þröngar eða á einhvern hátt henta ekki bæði gangandi og hjólandi umferð.“ Það er mat Umhverfisstofnunar og samstarfshóps að á umræddum leiðum er hefð fyrir því að ganga og að gangandi umferð skuli hafa forgang. Leiðin að Rauðafossi er sérstaklega viðkvæm á stórum kafla. Gangandi umferð hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum á þessari leið og er það mat stofnunarinnar að leiðin beri ekki bæði gangandi og hjólandi umferð. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sem flestir hafi aðgang að svæðinu en á þeim stöðum þar sem gangandi og hjólandi umferð fer ekki sami telur stofnunin að gangandi umferð eigi að hafa forgang þar sem það þjónar hagsmunum flest allra sem geta ferðast um svæðið.* |
| Í athugasemdum NSS kemur fram að samtökin hafi þungar áhyggjur af því að ætlunin sé að heimila hjólreiðar á gönguleiðum án undangengins mats á þeim og leggja til að reglu um hjólreiðar á gönguleiðum verði snúið við þannig að í grunninn séu þær óleyfilegar, en mögulega leyfðar á ákveðnum leiðum að undangengnu mati þar á. | *Umhverfisstofnun þakkar ábendingu NSS. Ástand gönguleiða í friðlandinu eru metið árlega. Ef fram kemur í því mati að álag sé mikið vegna hjólreiða verður gripið til aðgerða og lögð áhersla á að sporna við frekara álagi.* |

## Raforkuvinnsla

| | *Svör Umhverfisstofnunar* |
|---|---|
| Í athugasemdum Landsvirkjunar kemur fram að brýnt sé að í stjórnunar- og verndaráætluninni verði fjallað um áhrif áætlunarinnar á raforkukerfi landsins og þörf sé á breytingum til að tryggja að áætlunin styðji við rekstur raforkukerfisins og tryggi bæði öryggi raforkuafhendingar í landinu og nýtingu vatns. | *Varðandi samspil áætlunarinnar og raforkukerfisins hefur verið bætt við umfjöllun um raflínur og orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar í kafla 2.5.3 Mannvirki auk þess sem rannsókna vegna orkuvinnslu er getið í kafla um rannsóknir og vöktun. Umhverfisstofnun varð einnig við ósk Landsvirkjunar um samráðsfund þar sem farið var yfir atriði er tengjast raforkuvinnslu, mannvirkjum henni tengdri og rannsóknir í tengslum við orkuvinnslu.* |

## Tjaldsvæði og tjöldun

| | *Svör Umhverfisstofnunar* |
|---|---|
| Í athugasemdum Útivistar er bent á að hefðbundnar bakpokaferðir séu ekki mögulegar nema sækja um sérstakt leyfi til að tjalda á fyrirfram ákveðnum stöðum ef aðeins verður leyfilegt að tjalda á skilgreindum tjaldsvæðum eins og fram kemur í tillögu að áætluninni. Þessar takmarkanir setja töluverðar hömlur á hefðbundnar bakpokaferðir. Útivist telur ekki ástæðu til að óttast mikinn átroðning frá þeim hópi ferðamanna sem ferðast um með þessum hætti þar sem hópurinn er ekki stór. Útivist telur brýnt að reglur um tjöldun verði útfærðar m.t.t. þess þannig að hægt verði að tjalda takmörkuðum fjölda af léttum göngutjöldum til einnar nætur utan skilgreindra tjaldsvæða. | *Umhverfisstofnun þakkar ábendingu Útivistar og hefur brugðist við henni. Í sérreglu nr. 11 í stjórnunar- og verndaráætlun sem fjallar um næturgistingu innan friðlandsins er gert ráð fyrir að haft skuli samráð við landvörð eða umsjónaraðila friðlandsins ef áætlað er að tjalda utan skilgreindra tjaldsvæða.* |
| Michael V. Bishop leggur til að gefið verði út tjaldsvæðakort sem framvísa þurfi á gististöðum í því skyni að draga úr tjöldun utan tjaldsvæða og að umfjöllum um tjöldun við gönguleiðir verði fjarlægð af heimasíðu Umhverfisstofnunar. Michael bendir á að gera þurfi undanþágur fyrir fólk sem nær ekki náttstað. | *Umhverfisstofnun þakkar tillögur Michaels um notkun tjaldkorta og tekur það til skoðunar í samráði við rekstraraðila tjaldsvæða. Gerð hefur verið sú breyting á sérreglum nr. 11 í stjórnunar- og verndaráætlun að heimilt er göngufólki að tjalda til einnar nætur utan skilgreinds tjaldsvæðis ef þess er þörf þegar of langt er á næsta tjaldsvæði. Hafa þarf samráð við landvörð eða umsjónaraðila friðlandsins um tjöldun utan tjaldsvæða.* |

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum Ferðaklúbbsins 4x4 kemur fram að klúbburinn telur að heimildir til tjöldunar ættu að vera þær sem fram koma í náttúruverndarlögum, mögulega að undanskildu svæði 1 eftir að það hefur verið minnkað. Lögð er fram sú hugmynd að sett verði ákvæði sem banna tjöldun eða næturgistingu nærri tjaldsvæðum eða skálum og leggja til að miða mætti við 30 mínútna ferðalag að næsta tjaldsvæði. | *Gerð hefur verið sú breyting á sérreglu nr. 11 í stjórnunar- og verndaráætlun að heimilt er göngufólki að tjalda til einnar nætur utan skilgreinds tjaldsvæðis ef þess er þörf þegar of langt er á næsta tjaldsvæði. Hafa þarf samráð við landvörð eða umsjónaraðila friðlandsins um tjöldun utan skilgreindra tjaldsvæða.* |

## Umferð

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Freyr Þórsson, Eiður S. Valsson, Þór Sigurjónsson, Davíð Ingason, Ívar Ö. Lárusson, Jóhann G. Heiðarsson og Andri Björnsson telja að sú stefna að vegur á Fjallabaksleið nyrðra verði verulega bættur sem stofnvegur sé óráð og að slíkt myndi auka umferð um svæðið stórlega sem leiðir af sér aukinn ágang á náttúruna og að slíkt falli ekki vel að náttúru og umhverfi svæðisins. Þá kemur fram að þeir séu mótfallnir þeirri hugmynd að koma á einstefnu á gönguleiðum og vegum og að slíkt skerði nýtingarmöguleika og skapi óþarfa þvingun og dragi úr ferðafrelsi. | *Umhverfisstofnun bendir á að vegabætur eru á forræði Vegagerðarinnar og ekki gert ráð fyrir því í stjórnunar- og verndaráætlun.*<br><br>*Varðandi athugasemd um einstefnu á gönguleiðum og vegum þá bendir Umhverfisstofnun á að sú einstefna á gönguleið sem lögð er fram í áætlun er um Grænagil, umrædd gönguleið er ein sú fjölfarnasta í friðlandinu og liggur hún um viðkvæmt svæði. Umhverfisstofnun telur að með því að stýra umferð um gönguleiðina með einstefnu, auki það upplifun gesta, ekki verði þörf á að byggja upp stærri göngustíga með tilheyrandi rask og minna álag verður á gróður og jarðminjar svæðisins. Varðandi einstefnu á vegum þá bendir Umhverfisstofnun á að hana er aðeins að finna á einum stað innan friðlandsins, að bílastæði við Hnausapoll. Stofnunin telur að þessi einstefna sé ekki til þess fallin að skerða nýtingarmöguleika né að hún dragi úr ferðafrelsi gesta friðlandsins.* |
| Þá er einnig gerð athugasemd við að ákvarðanir um lokanir vega miði við vetrarleið í Landmannalaugar og að réttara væri að taka mið af ástandi svæðisins í heild. Verði fyrirkomulagið áfram við lýði er kallað | *Varðandi viðmiðunum um hvenær skuli loka fjallvegum að vori, þá hefur orðalagi verið breytt og er nú ásamt vetrarleið í Landmannalaugar fleiri viðmið haft til hliðsjónar við ákvarðanir um lokanir vega. Varðandi undanþágu á akstri á lokuðum vegum, þá er það í samræmi við reglugerð nr. 525/2015 sem* |

| | |
|---|---|
| eftir því að einstaklingar geti fengið sömu undanþágu. Freyr Þórsson, Þór Sigurjónsson, Davíð Ingason, Ívar Ö. Lárusson, Jóhann G. Heiðarsson og Andri Björnsson gera ennfremur athugasemdir við veitingar undanþága fyrir m.a. handhafa rekstrarleyfa og leyfa Ferðamálastofu vegna umferðar inn á svæðið áður en það er opnað almenningi. Meðal annars er ekki talið réttlæti í því að fyrirtæki geti haft tekjur af svæðinu á meðan einstaklingar geti ekki fengið undanþágu til ferðalaga og réttast sé að afnema veitingu þessara undanþága. | *Vegagerðina fer með og minnisblað frá 2018 um tilhögun undanþágunveitinga á akstri og umgengni á friðlýstum svæðum á hálendinu.* |
| Haukur Parelius telur að fullyrðingin „akstur utan vega er talsvert vandamál“ eigi ekki við rök að styðjast. Það liggi frekar ákveðið vandamál í framkvæmdaleysi hvað snertir lagfæringar á vegum á svæðinu. | *Umhverfisstofnun bendir á að mikill tími landvarða á svæðinu fer í eftirlit og lagfæringar eftir utanvegaakstur. Stofnunin telur því að það sé vandamál líkt og fram kemur í stjórnunar- og verndaráætluninni. Í áætluninni er gert ráð fyrir að óskað verði eftir því við Vegagerðina að viðhald á vegum í og við friðlandið verði aukið til að m.a. að sporna við utanvegaakstri.* |
| NSS lýsir yfir efasemdum um ágæti þess fyrirkomulags að ferðaþjónustuaðilum hafi verið hleypt fyrr inn á svæðið í sumarbyrjun en almennum ferðamönnum. Ástæða þess er að þó að vegir þoli mögulega að ekið sé á þeim á breyttum jeppum þá er á þessum árstíma mikil bleyta á svæðinu og það viðkvæmt fyrir ágangi. Samtökin telja að Umhverfisstofnun ætti í auknum mæli að nýta heimild í lögum um náttúruvernd til að takmarka umferð eða loka svæðum en samtökin telja að náttúran hafi ekki notið vafans í tilfellum snemmopnunar fyrir rekstraraðila að Fjallabaki.<br><br>Að auki benda samtökin á að rallýkeppnir sem haldnar hafa verið að hluta innan friðlandsmarka samræmast ekki þeirri náttúru- og óbyggðaupplifun og kyrrð sem friðlandið hefur verið látið standa fyrir og telja samtökin að ekki skuli veitt leyfi fyrir slíkum keppnum. | *Varðandi athugasemd NSS vitnar Umhverfisstofnun í minnisblað um verklag Vegagerðarinnar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar um undanþáguveitingar þar sem náttúruvernd er í fyrirrúmi. Þrátt fyrir að undanþága sé veitt á akstri inn í friðlandið þá eru svæði innan þess lokuð áfram þar til náttúra og vegir eru undir það búnir að taka á móti ferðamönnum.*<br><br>*Varðandi rallýkeppnir bendir Umhverfisstofnun á eftirfarandi ákvæði í kaflanum um sérreglur: Athafnir og viðburðir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. kafla 3.7.*<br><br>*Varðandi ábendingar umferðar vegna smalamennsku bendir Umhverfisstofnun á 6. reglu í auglýsingu Friðlands að Fjallabaki nr. 354/1979 þar sem segir: „Ákvæði 1.-3. Liðar reglna þessara hagga ekki rétti bænda til hefðbundinna nytja hins* |

| | |
|---|---|
| Hvað varðar umferð vegna smalamennsku lýsa samtökin ánægju sinni yfir því að notkun fjórhjóla hafi almennt ekki tíðkast en leggja til að það skilyrði verði fest í áætlunina að notkun þeirra verði í framtíðinni ekki leyfð utan vega við smalamennsku. | *friðlýsta landsvæðis og skerða ekki heldur heimild þeirra til venjulegrar umferðar, dvalar eða athafna í sambandi við nýtingu nefndra landsnytja.“ Umhverfisstofnun telur að svo stöddu sé ekki þörf á setningu reglna um umferð vélknúinna farartækja utan vega við smölun þar sem hún tíðkast ekki.* |
| Í athugasemdum Landverndar kemur fram að samtökin styðja hugmyndir um svæðaskiptingu og þær takmarkanir á umferð sem þeim munu fylgja og benda á að ástæða sé til að herða eftirlit og stýringu á umferð um viðkvæmt umhverfi Landmannalauga. Þá bendir Landvernd á að notkun fjórhjóla og mótorhjóla við smalamennsku eykst hröðum skrefum og þeim fylgir akstur utan vega. Samtökin telja rétt að viðurkenna að notkun þeirra innan friðlandsins gengur þvert á markmið um vernd og viðhald gróðurs og náttúru. | *Umhverfisstofnun bendir á 6. reglu í auglýsingu Friðlands að Fjallabaki nr. 354/1979 þar sem segir: „Ákvæði 1.-3. Liðar reglna þessara hagga ekki rétti bænda til hefðbundinna nytja hins friðlýsta landsvæðis og skerða ekki heldur heimild þeirra til venjulegrar umferðar, dvalar eða athafna í sambandi við nýtingu nefndra landsnytja.“ Umhverfisstofnun telur að svo stöddu sé ekki þörf á setningu reglna um umferð vélknúinna farartækja utan vega við smölun þar sem hún tíðkast ekki.* |

## Öryggismál og landvarsla

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemdum lögreglunnar á Suðurlandi kemur fram að ástæða þykir til að athygli sé vakin á hlutverki og ábyrgð lögreglu í stjórnunar- og verndaráætluninni, bæði hvað varðar lögreglulög og lög um leit og björgun á landi. Bent er á að lögreglan á Suðurlandi hefur í mörg ár lagt mikla áherslu á eftirlit á hálendinu, m.a. með utanvegaakstri og öðrum náttúruspjöllum. Þá er einnig bent á að hægt er að senda boð í alla farsíma á svæðinu og vara við vá með góðum fyrirvara. Nauðsynlegt er að slíkt komi fram í öryggisáætlun. | *Hvað varðar ábendingar lögreglunnar á Suðurlandi tekur Umhverfisstofnun undir það að ástæða sé til að vakin sé athygli á hlutverki og ábyrgð lögreglu í áætluninni og hefur bætt við umfjöllun um hlutverk lögreglunnar í kafla 2.6. sem fjallar um öryggismál. Hvað varðar ábendingar um að í öryggisáætlun komi fram að hægt sé að senda boð í alla farsíma á svæðinu til að vara við vá verður fjallað um það í öryggisáætlun þegar hún verður gerð.* |
| Landsbjörg bendir í athugasemdum sínum á að eitt stærsta einstaka atriði í slysavörnum ferðamanna er að horft sé til viðurkenndra aðferða í stýringu ferðamanna. Í því sambandi er bent á líkan Orams sem félagið hefur nýtt í | *Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendinguna og mun kynna sér málið frekar.* |

| | |
|---|---|
| sínu starfi og má finna í tillögum frá Stjórnstöð ferðamála, öryggishóp innanríkisráðuneytisins og víðar. | |
| Í athugasemdum Landverndar kemur fram að samtökin telja mikilvægt að auka landvörslu umfram það sem getið er í tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. | *Sjá svar hér fyrir neðan.* |
| Hellismenn benda á að rétt væri að stefnt yrði að virkri landvörslu á fram afréttinum. | *Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 3.7.2. kemur fram að efla þurfi landvörslu á svæðinu og að stofnunin muni áfram kalla eftir fjármagni til að auka landvörslu.* |
| NSS telja að í áætluninni sé ekki gert ráð fyrir ásættanlegum fjölda landvarða og að aðsetri landvarða mætti dreifa víðar um friðlandið.<br><br>Þá óska samtökin eftir því að bætt verði inn í áætlunina starfstitli starfsmanns Umhverfisstofnunar á Hellu sem hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu.<br><br>Þá telja NSS að m.t.t. öryggissjónarmiða ætti að skoða hvort að koma ætti upp skráningarkerfi vegna lengri leiðangra um svæðið, eða í það minnsta skylda gönguferðamenn til að skrá þær ferðir sínar hjá Safe Travel.<br><br>Hvað varðar blikkandi ljós á hæð norðan við skála FÍ í Hrafntinnuskeri telja NSS að vega þurfi og meta hvort sú ljósmengun sem af því hlýst telst ásættanleg m.t.t. öryggisávinnings. | *Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 3.7.2. kemur fram að efla þurfi landvörslu á svæðinu og að stofnunin muni áfram kalla eftir fjármagni til að auka landvörslu.*<br><br>*Umhverfisstofnun telur að það sé ekki heppilegt að bæta inn í áætlunina starfstitli starfsmann stofnunarinnar þar sem áætlunin er gefin út til 10 ára og ýmsar breytingar geta orðið á hlutverkum starfsmanna á þeim tíma.*<br><br>*Umhverfisstofnun bendir á að kerfi Safe Travel er aðgengilegt öllum og hvetja landverðir á svæðinu fólk til að nota slíkt, en ekki er grundvöllur eða lagastoð fyrir því að skylda fólk til að skrá sínar ferðir.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar um blikkandi ljós við Hrafntinnusker mun Umhverfisstofnun taka ábendinguna til skoðunar í samvinnu við Ferðafélag Íslands.* |

## Markaðssetning

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í umsögn Sigríðar Ingólfsdóttir spyr hún að tilkynna eigi villandi markaðssetningu sem getur haft áhrif á verndargildi friðlandsins til Umhverfisstofnunar í stað Neytendastofu. | *Sjá svar hér fyrir neðan.* |
| Náttúruverndarsamtök Suðurlands benda á að ákvæði um ábyrga markaðssetningu þyrfti að ná til útgáfu korta, bóka og annars ferðahvetjandi efnis. Samtökin hafa þá efasemdir um hvort Neytendastofa sé rétti staðurinn til að tilkynna möguleg brot er varða verndarmarkmið náttúruverndarsvæðisins. | *Hvað varðar ábendingar Sigríðar og NSS um að Neytendastofa sé ekki rétti staðurinn til að tilkynna villandi markaðssetningu bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 þá ber að tilkynna villandi og óábyrga markaðssetningu til Neytendastofu. Umhverfisstofnun tekur við ábendingum um villandi markaðssetningu sem getur skaðað náttúru eða lífríki og tilkynnir ýmist til lögreglu ef um skýrt ólöglegt athæfi er að ræða eða til Neytendastofu í öðrum tilvikum.* |

### Aðgerðaáætlun

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í aðgerðaráætlun er óskað þess að Landsvirkjun fjarlægi ræsi í þeirra eigu úr Jökuldalakvísl. Landsvirkjun kannast ekki við að eiga umrætt ræsi en telur að hugsanlega sé það í eigu Landsnets. Landvirkjun tekur þó fram að fyrirtækið sé reiðubúið að aðstoða við slíka framkvæmd sé þörf á. | *Hvað varðar ábendingar Landsvirkjunar um ræsi í Jökuldalakvísl var ræsið fjarlægt sumarið 2020 og aðgerðin því tekin út af aðgerðaáætlun.* |
| Í athugasemdum Landsnets er vísað til að gerðar varðandi fjarlægingu ræsis í Jökuldalakvísl og að ræsið tilheyri að öllum líkindum Landsneti. Landsnet lýsir sig reiðubúið til að skoða að fjarlægja umrætt ræsi fái félagið formlega beiðni um slíkt. | *Hvað varðar ábendingar Landsnets um ræsi í Jökuldalakvísl var ræsið fjarlægt sumarið 2020 og aðgerðin því tekin út af aðgerðaáætlun.* |

| | |
|---|---|
| Útivist bendir á að í áætluninni er fjallað um að gerð verði úttekt á hverasvæðum sem hafa orðið fyrir raski af völdum ferðamanna og áætlun um færslu á gönguleiðum og útsýnisstöðum sem liggja innan hverasvæða. Útivist leggur til að þessi aðgerð verði sett í forgang. | *Hvað varðar ábendingar Útivistar um þá aðgerð að gera úttekt á hverasvæðum og áætlun um færslu á gönguleiðum og útsýnisstöðum sem liggja innan hverasvæða bendir Umhverfisstofnun á að umræddar aðgerðir eru þegar hafnar.* |

## Flug

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í athugasemd sinni gera FETAR athugasemdir við bann við lendingum þyrlna á rauðum svæðum sem þeir telja að hafi í för með sér mjög óheppilega takmörkun þegar kemur að aðgengi og úrfærslu á þjónustu. Þeir telja að þyrluferðir séu mjög heppilegur ferðamáti til að skoða ósnortna náttúru landsins á minni tíma en ella og að þær lágmarki álag á náttúruna. Bent er á að vissulega sé hljóðmengun af þyrlum en að hún stafi einnig af öðrum farartækjum. | *Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem bannað að lenda þyrlum hefur verið minnkað umtalsvert. Óheimilt er að lenda á jarðhitasvæðum og svæðum þar sem hætta er á jarðraski, truflun á dýralífi eða gróðurskemmdum.* |
| Í athugasemdum Ferðaklúbbsins 4x4 kemur fram að klúbburinn telur bann við notkun fjarstýrðra loftfara innan friðlandsins of víðtækt, bæði að það gildi um allt svæðið og einnig að það gildi á öllum árstímum. Fram kemur að klúbburinn telur að reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara fullnægjandi og að setninguna ætti að fella út. | *Hvað varðar bann við notkun fjarstýrðra loftfara hefur ákvæðinu verið breytt á þann hátt að notkun fjarstýrðra loftfara innan friðlandsins er óheimil á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Á þessu tímabili er mestur fjöldi gesta og takmörkunin sett til að vernda kyrrð og upplifun gesta í friðlandinu. Á öðrum tímum er umferðin mun minni og því minni líkur á truflun fyrir aðra gesti.* |
| Í athugasemdum NSS kemur fram að samtökin telja að skerpa þurfi á reglum um loftför innan friðlandsins enda vill slík umferð valda óheppilegri röskun á öræfakyrrð. | *Reglunum hefur verið breytt á þann hátt að notkun fjarstýrðra loftfara innan friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Á þessu tímabili er mestur fjöldi gesta og* |

| | |
|---|---|
| | *takmörkunin sett til að vernda kyrrð og upplifun gesta í friðlandinu. Á öðrum tímum er umferðin mun minni og því minni líkur á truflun fyrir aðra gesti.* |

## Vetrarumferð

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Í umsögn FETA, dags. 22. maí 2020, kemur fram að samtökin telji að ríka ástæðu þurfi til að takmarka ferðafrelsi með þeim hætti sem lagt er til í tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland að Fjallabaki. Samtökin telja að slíkt bann ætti að koma í kjölfar annarra úrræða og telja FETAR að sýna þurfi fram á með óyggjandi hætti að þau úrræði hafi ekki borið árangur. Máli sínu til stuðnings er í umsögninni vísað til 25. gr. laga um náttúruvernd sem samtökin telja að sé ekki fullnægt. Þá telja samtökin að þau rök sem sett eru fram varðandi takmarkanir á umferð á svæðum sem merkt eru gul og rauð séu byggð á röngum forsendum og að ferðabann sé yfirdrifið. Í umsögninni kemur fram að FETAR gera ráð fyrir að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar banni á vetrarumferð séu þær ógnir sem tilgreindar eru í kafla 2.8 í tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Félagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á að akstur á snjó og freðinni jörð utan veglínu hafi valdið og muni valda verulegu tjóni í friðlandinu og geti þar með talist ásættanleg forsenda þeirra takmarkana sem settar eru fram. Í umsögninni eru útlistuð þau áhrif sem félagið telur að takmarkanirnar hafi á vetrarferðamennsku á Fjallabaki. FETAR leggja til að skoðaður verði sá möguleiki að vinna viðbótarkort með upplýsingum um þau svæði sem rétt er að forðast í vetrarferðalögum vegna hættu á slysum og skemmdum sambærilegt því sem gert hefur verið af sprungusvæðum á jöklum. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.*<br><br>*Samkvæmt 81. gr náttúruverndarlaga, er Umhverfisstofnun heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í stjórnunar- og verndaráætlun friðlýstra svæða.* |
| LÍV gerir athugasemdir við þær takmarkanir á vetrarumferð sem lagðar eru til á svæði 1 og telja að með því að banna vetrarumferð en leyfa aðra umferð | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu* |

| | |
|---|---|
| á svæðunum sé fólki mismunað. Bent er á að frá árinu 1979 hefur verið heimilt að setja reglur um akstur vélsleða innan þess og að hingað til hafi ekki þótt ástæða til. Fram kemur að samtökin telja fullkomlega óljóst hvaða atvik eða aðstæður réttlæta nú setningu slíkra reglna. Þá er einnig bent á í athugsemdum LÍV að bann við vélknúinni umferð á svæði 1 loki algengum leiðum og að menn verði þá tilneyddir til að nota aðrar og hættulegri leiðir, auki álag á öðrum leiðum og takmarki aðgengi að Jökulgiljum þar sem afar ólíklegt er að umferð snjósleða valdi truflun. LÍV leggur til að bann við akstri vélsleða á svæði 1 verði fellt út, hættusvæði, s.s. hverir á svæði 1 verði betur skilgreind og að LÍV sinni innra eftirliti meðal vélsleðamanna innan friðlandsins, forvörnum og fræðslu.<br><br>Til viðbótar kemur fram í athugasemdum LÍV að stjórn telur að akstursbann innan svæðis 1 sé haldin bæði form- og efnisannmörkum og að það samræmist ekki lögmætis-, meðalhófs- eða rannsóknarreglum stjórnsýsluréttar og að hún sé þannig ógildanleg fyrir dómi. Stjórn LÍV telur að fullkominn óþarfi sé að setja strangari reglur um akstur innan friðlandsins og að ekki hafi verið sýnt fram á að akstursbann vélsleða sé nauðsynlegt. Stjórn LÍV telur að markmið fyrirhugaðs akstursbanns myndi nást jafn vel eða betur fram eða dregið væri bannsvæði í 50 m radíus út frá hverjum hver fyrir sig. | *traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar LÍV þess efnis að tillagan sé haldin bæði form- og efnisannmörkum bendir Umhverfisstofnun á að um gerð stjórnunar- og verndaráætlana er kveðið í 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skyldan til gerðar slíkra áætlana er bundin við friðlýst svæði, í þessu tilfelli Friðlands að Fjallabaki sem friðlýst var árið 1979, sbr. auglýsing nr. 354/1979. Það athugast að sérreglur fyrir friðlýst svæði settar á grundvelli náttúruverndarlaga ganga framar almennum ákvæðum laga. Að auki bendir Umhverfisstofnun á að í fyrrnefndri grein laga nr. 60/2013 kemur fram að „Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun svo og reglur um önnur atriði er greinir í IV. kafla.“ Ennfremur er bent á að í auglýsingu nr. 354/1979 kemur fram í 1. gr. að „Akstur vélsleða er heimil[l] eftir sérstökum reglum sem Umhverfisstofnun setur.“ Það má því ljóst vera að heimild er til setningar reglna um þessa gerð umferðar.* |

| | |
|---|---|
| | *Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögu um svæðaskiptingu hefur rými til vetrarumferðar verið rýmkað verulega, en svæði 1 er eina svæðið þar sem lagt er til að óheimilt verði að fara um á vélsleðum.* |
| Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemdir við setningu um að ökumenn skulu vera vel upplýstir um reglur sem gilda um akstur utan vega á snævi þakinni jörð. Bent er á að ekki kemur fram hvernig staðið skuli að því að framfylgja þessu ákvæði og leggja til að setningin verði tekin út nema komi til frekari skýringa.<br><br>Þá er einnig gerð athugasemd við orðasambandið „akstur utan vega á snævi þakinni jörð“ og „akstur utan vega á snjó“ og notkun þeirra í áætluninni.<br><br>Ferðaklúbburinn gerir einnig athugasemdir við svæðaskiptingu og þær reglur sem gilda á svæði 1 varðandi vetrarumferð. Bent er á að ekki verði heimilt að aka á snjó í Landmannalaugar á þeim tímum sem ekki er hægt að fylgja veglínunni alla leið, ekki verði heimilt að aka í Hrafntinnusker og ekki verður hægt að aka frá Dalakofa um Reykjadali og yfir Mógilshöfða. Lokun fyrir akstur á þessum svæðum telur klúbburinn vera langt umfram verndarþörf og standist ekki meðalhófsreglu stjórnsýslulaga hvað varðar vetrarakstur. Klúbburinn telur að endurskoða þurfi bann við vetrarakstri á svæði 1. | *Varðandi hvernig skuli framfylgja ákvæði um að ökumenn skuli vera vel upplýstir um reglur sem gilda um akstur utan veglínu á snævi þakinni jörð, þá hefur verið bætt við eftirfarandi texta í aðgerðir í kafla 3.7.10. „Upplýsingar um takmörkun á vélknúinni umferð á svæði 1 samkvæmt korti í viðauka V verði aðgengilegt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og þar hægt að nálgast hnitaskrá. Upplýsingunum skal dreift m.a. til félagasamtakanna Ferðaklúbbsins 4x4, FETAR og Landsambands íslenskra vélsleðamanna.“*<br><br>*Hvað varðar orðalagsnotkun hefur orðalagi varðandi akstur utan vega á snævi þakinni jörð verið breytt og er nú vísað til aksturs utan veglínu.*<br><br>*Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins, þá munu endurskoðuð mörk einnig greiða fyrir vetrarumferð á þeim svæðum sem nefnd eru í* |

| | |
|---|---|
| | *atugasemd og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.*<br><br>*Samkvæmt 81. gr náttúruverndarlaga er Umhverfisstofnun heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í stjórnunar- og verndaráætlun friðlýstra svæða. Í auglýsingu friðlandsins nr. 354/1979 segir m.a. í reglu 1: „Akstur vélsleða er heimil eftir sérstökum reglum sem Umhverfisstofnun setur.“* |
| Halldór Hlíðar Kjartansson og Jón Finnur Oddsson gera athugasemd vegna lokana við Landmannalaugar og mótmæla lokunum. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Eiður S. Valsson gerir athugasemdir við þær takmarkanir sem gilda um umferð á svæði 1 og bendir á að jarðhitasvæði finnast ekki í breiðum og að jarðhitasvæði með nægilega virkni til að veikja snjóalög séu ekki mörg, alltaf afar smá og vel þekkt og að allir reyni að forðast þau. Einnig kemur fram að Eiður telur að umferð vélknúinna ökutækja um það svæði sem skilgreint var sem svæði 1 hafi ekki jarðrask í för með sér. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum* |

| | |
|---|---|
| | *niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Í athugasemdum Útivistar kemur fram að samtökin telja að með svæðaskiptingu séu settar of miklar hömlur á umferð um svæði 1 og leggur til að ákvæðin verði endurskoðuð og takmarkanir vegna umferðar, bæði gangandi og vélknúinnar, verði felld niður. | *Svæðisskiptingarkort hefur verið uppfært og svæði 1 minnkað töluvert til að greiða fyrir vetrarumferð vélknúinna ökutækja sem og gangandi umferð. Bann við umferð á svæði 1 er nauðsynlegt til að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra og einnig mun það stuðla að auknu öryggi gesta.* |
| Í athugasemdum Hellismanna er bent á að með þeim reglum sem lagðar hafa verið til verður óheimilt að fara um Hrafntinnusker á snjósleða eða öðrum vélknúnum ökutækjum nema með leyfi yfirvalda. Að mati Hellismanna er þetta of langt gengið í takmörkunum á umferð um svæðið að vetri til. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Í athugasemdum Michael V. Bishop leggur hann til að skilgreind verði svæði sem eru hættusvæði að vetri (jarðhitasvæði) og að umferð vélknúinna farartækja verði heimil þar sem áhrif hennar eru í lágmarki. Þó skuli skilgreind viðkvæm svæði þar sem gæta skal sérstakrar varúðar og settar leiðbeiningar um umferð vélknúinna farartækja. | *Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skilgreina sérstaklega og banna umferð vélknúinna farartækja á svæði 1 til að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, kortið hefur verið uppfært og svæði 1 minnkað töluvert til að greiða fyrir vetrarumferð um svæðið.* |

| | |
|---|---|
| Eftirtaldir aðilar mótmæla harðlega fyrirhuguðum áætlunum um friðland að Fjallabak, stjórnunar- og verndaráætlun 2020-2029, einkum því sem snýr að kafla 3.7.10.1 um vélsleðaumferð: *Arnar Logi Ásbjörnsson, Börkur Guðmundsson, Guðmundur Salómonsson, Guðmundur Skúlason, Héðinn Hauksson, Jóhannes Kjartansson, Kristín Þórðardóttir, Ásdís Skúladóttir, Birgir Þór Kristinsson, Guðjón Helgi Ólafsson, Grettir Rúnarsson.*<br><br>Í athugasemdum frá þessum aðilum kemur fram að það hryggi þá að sjá hvernig Umhverfisstofnun hyggst takmarka aðgengi vetrarferðalanga um ægifagra náttúru friðlands að Fjallabaki en vetur konungur er fullfær að vernda landið fyrir átroðningi. Snævi þakin jörð ver viðkvæman gróður og jarðmyndanir svo að vori þegar snjóa leysi eru ummerki um ævintýri vetrarins horfin. Þá séu vélsleðamenn upp til hópa umhverfissinnar sem er annt um velferð náttúru Íslands. Áætlanir um lokun víðamikils svæðis eigi við engin málefnaleg rök að styðjast og þjóni með engu markmiðum um verndun á náttúru svæðisins. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.*<br><br>. |

| | |
|---|---|
| Eftirtaldir aðilar mótmæla harðlega fyrirhuguðum áætlunum um friðland að Fjallabak, stjórnunar- og verndráætlun 2020-2029, einkum því sem snýr að kafla 3.7.10.1 um vélsleðaumferð: *Félag vélsleðamanna í Skagafirði, Slóðavinir, Arnar Sigurðsson, Árni Páll Einarsson, Ásmundur Ólafsson, Björn Gunnarsson, Bob van Duin, Daníel Freyr Jónsson, Davíð Örn Ólafsson, Edvard Ágúst Einarsson, Eðvarð Þór Williams, Erling Þór Valsson Klingenberg, Geir Höskuldsson, Grétar Már Þorvaldsson, Guðjón Helgi Guðmundsson, Guðjón Leví Traustason, Guðmundur Már Þorvarðarson, Guðný Tómasdóttir, Gunnar Hannesson, Gunnar Hansen, Gunnar Örn Gunnarsson, Gylfi Þór Rögnvaldsson, Hafsteinn Kristinsson, Halldór Sveinsson, Heimir Sigurðsson, Helgi Jónsson, Hilmar Tryggvi Finnsson, Hrannar Jónasson, Ingi Lár* | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án* |

| | |
|---|---|
| *Vilbergsson, Ingvar Friðrik Ragnarsson, Jóhann Viðarsson, Jón Finnur Oddsson, Jón Þ Jóhannsson, Kristinn Óli Hallsson, Kristinn Valgeir Sveinsson, Marteinn Vöggsson, Valdís Sigurþórsdóttir, Theodóra Björk Heimisdóttir, Ágúst Guðmundsson, Bergþór Ingi Sigurðsson, Ásgeir Örn Rúnarsson, Bent Helgason, Björn Ásgeir Ásgeirsson, Sylvía Björg Kristinsdóttir, Sveinbjörn Steinþórsson, Ómar Andri Jónsson, Óskar Sigurðsson, Páll Halldór Halldórsson, Reynir Freyr Pétursson, Símon S. Guðlaugsson, Smári Sigurgrímsson, Sölvi Örn Sölvason, Steinn Jóhann Randversson.*<br><br>Í athugasemdum frá þessum aðilum kemur fram að þessir aðilar hafi ekki orðið vitni að nokkrum varanlegum landslagsskemmdum sem rekja megi til aksturs beltafarartækja. Þá skora aðilarnir á að færa skuli fram málefnaleg rök studd af rannsóknum sem sýni fram á annað. Þá kemur fram að friðland að Fjallabak sé eitt mest sótta svæði Íslands af vélsleðamönnum og jafnframt enginn hópur fólks sem sæki þessi svæði eins títt að vetri til og vélsleðamenn. Fyrir utan handfylli af erlendum gönguskíðahópum. Þá séu vélsleðamenn upp til hópa umhverfissinnar og annt um velferð náttúru Íslands. Áætlanir um lokun víðamikils svæðis fyrir umferð eigi ekki við nein málefnaleg rök að styðjast og þjónar með engu markmiðum um verndun á náttúru svæðisins. | *þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Einar Björn Tómasson er ósammála því að banna alla vélknúna umferð á rauðmerktum svæðum óháð aðstæðum. Hann vill að þetta verði skoðað vel þar sem ekki er farið utan vega nema þegar jörð er frosin eða snjór er yfir og þá eiga engin náttúruspjöll sér stað. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla* |

| | |
|---|---|
| | *að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Halldór Guðmundsson leggst gegn þeim áformum að skerða ferðafrelsi og njóta náttúrunnar. Hann tekur fram að tillagan sé illa ígrunduð og ekki í takt við hvað friðland á að standa fyrir. Þá spyr hann hvaða gagn það sé fyrir náttúruna að banna akstur og ferðalög á snjó á þessum svæðum. Utanvegaakstur eigi sér stað vegna skort á fræðslu þá aðallega hjá erlendum ferðamönnum. Þá nefnir hann að það vanti ef til vill þekkingu hjá Umhverfisstofnun hvernig jeppafólk og vélsleðamenn ferðast að vetri til. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.*<br><br>*Umhverfisstofnun bendir á að sérstakir fundir voru m.a. haldnir með fulltrúum Ferðaklúbbsins 4x4, FETAR og Landsambandi íslenskra vélsleðamanna. Þá var haldinn opinn fundur á vinnslutíma áætlunarinnar þar sem öllum gafst kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar. Nálgast má fundargerðir samráðsfunda á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir svæði Friðlands að Fjallabaki.* |
| Hjalti Sigurðsson mótmælir harðlega fyrirhuguðum áætlunum um friðland að Fjallabak, einkum því sem snýr að kafla 3.7.10.1 um vélsleðaumferð. Hann skorar á hlutaðeigandi að endurskoða ákvæði um umferð vélsleða um friðland að Fjallabak. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi* |

| | |
|---|---|
| | *við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Benedikt Helgason mótmælir harðlega fyrirhuguðum áætlunum um friðland að Fjallabak, einkum því sem snýr að kafla 3.7.10.1 um vélsleðaumferð. Þá kemur hann einnig inn á það að veðráttan á Íslandi er vélsleðamönnum oft mjög óhagstæð en Jökulgilin séu í góðri hæð og sleppa oft við hlýindakafla að vetrarlagi og ná einnig að framkalla gott skjól, því séu aðstæður í Jökulgiljunum oft mjög góðar. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Ólafur Freyr Ólafsson mótmælir formlega Friðlandi að Fjallabaki, á veturna þegar allt er í snjó lagt þá mætti alveg keyra/ferðast á vélknúnum ökutækjum á þessu landi. | *Umhverfisstofnun Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun* |

| | |
|---|---|
| | *hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Arnþór Haukdal Rúnarsson langar að koma á framfæri hörðum mótmælum við tillögum sem lúta að því að banna umferð á landi sem þakið er snjó. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Kári Rafn Þorbergsson bendir á að aðal sleðaleiðin í Landmannalaugar að vetri fer úr Dómadal og niður á Vondugiljaraura og yfir Laugahraun niður í Landmannalaugar. Honum finnst þessi bann við akstri langt út fyrir velsæmismörk og eftirfylgnin erfið. Hann hefur aldrei orðið var við för sökum vélknúinna ökutækja sem ekki hafa horfið milli sumra. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins þá munu endurskoðuð mörk einnig greiða fyrir vetrarumferð á þeim svæðum sem nefnd eru í* |

| | |
|---|---|
| | *atugasemd og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Stefán Már Ágústsson telur að kafli 3.7.10.1 sé rökleysa og ber að fella á brott úr verndaráætluninni, til rökstuðnings nefnir hann að friðlandið sé griðland ferðamennsku á vélsleðum sem hafi verið stunduð þar í um 40 ár, ekki hefur verið bent á náttúruspjöll af þeirra völdum og hefur Stefán aldrei orðið var við spjöll af völdum vélsleða. Þá sé ferðamennska á snjó eina tegund ferðamennsku sem stunduð er á hálendi Íslands sem skilur ekki eftir sig spor og því engin ástæða eða rök sem styðja það bann sem lagt er til. Viðkvæmar jarðminjar í kringum hvera eru augljósar og varasamar sem vélsleðamenn eru meðvitaðir um. Þá vernda jarðminjarnar sig sjálfar í vetraraðstæðum að fjallabaki án sérstakra boða og banna. Bann við akstri vélsleða á snjó til verndar sérstökum jarðminjum þ.m.t. hverum og háhitasvæðum sé því óþörf. Vélsleðum er eingöngu ekið á snjó og því engin hætta á tjóni á þeim jarðminjum sem ræðir.<br><br>Þá myndi bann hafa áhrif á björgunarsveitir sem nýta svæðið til þjálfunar og æfinga, björgunaraðilar myndu þekkja landið mun verr en áður. Þetta myndi auka áhættu björgunarmanna ef fara þyrfti í leit og björgun innan verndarsvæðis 1. Þekking björgunarmanna á landinu er lykilatriði. Ferðamennska í kringum verndarsvæði 1 sem nær yfir stóran hluta friðlandsins er nánast eingöngu möguleg á sleðum í vetraraðstæðum. Sleðarnir valda þ.a.l. engri truflun annara ferðalanga. Þá nefnir Stefán það að beita lögum um náttúruvernd til að setja á bann að tilefnislausu er ábyrgðarhluti sem felur í sér virðingarminnkun mikilvægrar stofnunnar sem Umhverfisstofnun svo sannarlega er og brýtur í bága við meðalhófsákvæði stjórnarskrárinnar. | *Markmiðið með svæðaskiptingunni er að standa vörð um mjög viðkvæmar jarðminjar hverasvæðanna. Ekki er hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að óheimilt verði að aka á þessum svæðum, bæði vegna náttúruverndar og eins vegna öryggis gestaÍ ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða svæði 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Eins fengust nánari upplýsingar um þá vetrarferðamennsku sem stunduð er á friðlandinu á fundi með hagsmunaaðilum, Ferðaklúbbsins 4x4, Landsamband íslenskra vélsleðamanna og FETAR.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar um að náttúruverndarlögum sé beitt að tilefnislausu bendir Umhverfisstofnun á að í 1. gr. auglýsingar um svæði nr. 354/1979 segir „Akstur vélsleða er heimil[l] eftir sérstökum reglum sem Umhverfisstofnun setur.“ Jafnframt er í 81. gr. náttúruverndarlaga kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í stjórnunar- og verndaráætlunum friðlýstra svæða. Samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu svæðisins er beinlínis gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun setji reglur um umferð vélsleða. Þá mótmælir stofnunin því að reglurnar séu tilefnislausar, en markmið þeirra er að vernda hverasvæði og áhrifasvæði auk þess að stuðla að bættu öryggi gesta, þ.m.t. vélsleðamanna.* |

| | |
|---|---|
| Rögnvaldur Guðbrandsson spyr hvaða hagsmunaaðila var átt samráð við. Eins spyr hann af hverju banna á ferðir á snævi þakinni jörð á t.d. vélsleðum. Hann nefnir að þetta hljómi eins og öfga lokanir sérhagsmuna aðila, göngufólks og hestamanna. Hann sé Íslendingur og sætti sig ekki við þessar aðgerðir Umhverfisstofnunar. Þá bendir hann einnig á hvort ekki teljist eðilegt að fresta verkefninu um eitt ár í ljósi covid-19. | *Umhverfisstofnun bendir á að áætlunin er unnin af samstarfshóp sem skipa fulltrúar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og fulltrúum sveitarfélags Rangárþing ytra. Sérstakir fundir voru m.a. haldnir með fulltrúum Ferðaklúbbsins 4x4, FETAR og Landsambandi íslenskra vélsleðamanna. Þá var haldinn opinn fundur á vinnslutíma áætlunarinnar þar sem öllum gafst kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar. Nálgast má fundargerðir samráðsfunda á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir svæði Friðlands að Fjallabaki.*<br><br>*Varðandi bann við akstri á snævi þakinni jörð, þá bendir Umhverfisstofnun á að markmið með svæðaskiptingu er að vernda viðkvæmar náttúruminjar. Þær minjar sem finna má á svæði 1 teljast viðkvæmari en aðrar innan friðlandsins og þurfa að njóta ríkari verndar. Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða svæði 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra.*<br><br>*Varðandi frestun vegna covid-19 þá bendir Umhverfisstofnun á að kynningar á stjórnunar- og verndaráætlunum eru alla jafnan rafrænar og telur stofnunin því að möguleikar almennings til að kynna sér málið séu ekki skertir þrátt fyrir covid-19. Þá voru aðilar sem óskuðu eftir fundum í kjölfar kynningarferlisins og varð Umhverfisstofnun við öllum þeim beiðnum í formi rafrænna funda. Stofnunin telur því að kynningarferlið hafi borið árangur þrátt fyrir covid-19 og að kynningin hafi náð til flestra hagsmunaaðila.* |
| *Vilhjálmur Kjartansson* mótmælir harðlega fyrirhuguðum áætlunum um Friðland að Fjallabaki, einkum sem snýr að kafla 3.7.10.1 um vélsleða umferð. | *Markmiðið með svæðaskiptingunni er að standa vörð um mjög viðkvæmar jarðminjar hverasvæðanna. Ekki er hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að óheimilt verði að aka á þessum svæðum, bæði vegna náttúruverndar og eins* |

| | |
|---|---|
| | *vegna öryggis gesta. Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða svæði 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Eins fengust nánari upplýsingar um þá vetrarferðamennsku sem stunduð er á friðlandinu á fundi með hagsmunaaðilum, Ferðaklúbbsins 4x4, Landsamband íslenskra vélsleðamanna og FETAR.* |
| *Reynir Freyr Pétursson* bendir á að vélsleðamönnum er fullkunnugt um viðkvæmni ákveðinna hluta svæðisins svo sem hverasvæðin, enda heyrir það til algjöra undantekninga að menn fari inn á þau svæði enda er það ekki óskastaða að enda vélsleðaferð ofan í heitum hver. Nær væri að UST myndi fá samtök eins og LÍV til liðs við sig til að framfylgja skynsamlegri nýtingu á svæðinu og stuðla að réttri umgengni um svæðið að vetri til. | *Markmiðið með svæðaskiptingunni er að standa vörð um mjög viðkvæmar jarðminjar hverasvæðanna. Ekki er hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að óheimilt verði að aka á þessum svæðum, bæði vegna náttúruverndar og eins vegna öryggis gesta. Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða svæði 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Eins fengust nánari upplýsingar um þá vetrarferðamennsku sem stunduð er á friðlandinu á fundi með hagsmunaaðilum, Ferðaklúbbsins 4x4, Landsamband íslenskra vélsleðamanna og FETAR.* |
| *Páll Halldór Halldórsson* blöskrar sú hugmynd sem hefur verið sett fram, leiðin í gegn er varaleið inn í Landmannalaugar og ef menn fá ekki tækifæri til að aka um þetta svæðin eins og öll önnur, þá mun vera erfitt að senda menn þarna inn ef leit fer af stað t.d. að skíða-/ göngumönnum. Það er ekki hægt að ætlast til að menn verði sendir inn á svæði til að leita að öðrum ef menn rata illa um viðkomandi svæði. Þá nefnir hann dæmi sem sýni að | *Hvað varðar ábendingar í tengslum við leit og björgun er almenn regla sú að þegar slíkt á við eru reglur friðlýstra svæða víkjandi. Umhverfisstofnun telur að með þeim breytingum sem gerðar voru á mörkum svæðis 1 hafi verið rýmkað fyrir vetrarumferð þannig að svæðaskiptingin hafi ekki áhrif á hefðbundnar ferðaleiðir.* |

| | |
|---|---|
| vélsleðamenn hafi tæki, kunnáttu og þekki svæðið sem geti komið að notum í ýmsum aðstæðum. | |
| *Ólafur Arnar Gunnarsson* finnst ótrúlegt að sjá svo stórtækar takmarkanir á ferðafrelsi á svæðinu sem virðast ekki hafa nein málefnaleg rök á bak við sig né studdar af neinum rannsóknum sem sína þörfin á þeim. Þá sé greinilegt að tillögurnar hafi verið unnar af mikilli vanþekkingu og í litlu samráði við þá aðila sem mestan hag hafa af nýtingu á þessu svæði. Þá hljómi umferðarbannið eins og að segja „skemmið ekki snjóinn“. Þá sé svona „svört“ náttúruvernd ekki sómi fyrir okkur Íslendinga. Ólafur bendir á að í stað þess að vera með „vanhugsaða skemmdarverkastarfsemi“ þá væri nær að auka frekar samstarf milli hagsmunahópa, m.a. með jákvæðri fræðslu, uppbyggingu og bættu aðgengi sem stýrt er með jákvæðum hætti. Þá sé engin þörf á svona einhliða öfgatakmörkunum á ferðafrelsi. Þá ítrekar hann mótmæli sín, einkum á kafla 3.7.10.1 um vélsleðaumferð. | *Markmiðið með svæðaskiptingunni er að standa vörð um mjög viðkvæmar jarðminjar hverasvæðanna. Ekki er hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að óheimilt verði að aka á þessum svæðum, bæði vegna náttúruverndar og eins vegna öryggis gesta. Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða svæði 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Í ljósi nákvæmari gagna og endurskoðunar á mörkum svæðanna í kjölfarið er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.*<br><br>*Hvað varðar athugasemdir um að áætlunin hafi verið unnin af mikilli vanþekkingu og í litlu samráði bendir Umhverfisstofnun á að áætlunin er unnin af samstarfshóp sem er skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands sem hafa innan sinna vébanda sérfræðinga um náttúru og náttúruvernd, og fulltrúum sveitarfélagsins Rangárþings ytra. Við gerð áætlunarinnar var lagt mikið upp úr samráði og sérstökum fundum með hagsmunaaðilum. Sérstakir fundir voru m.a. haldnir með fulltrúum Ferðaklúbbsins 4x4, FETAR og Landsambandi íslenskra vélsleðamanna. Þá var haldinn opinn fundur á vinnslutíma áætlunarinnar þar sem öllum gafst* |

| | |
|---|---|
| | *kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar. Umhverfisstofnun hafnar því þeim fullyrðingum sem settar eru fram í athugasemdinni.* |
| *Helgi Helgason* mótmælir skerðingu ferðafrelsis á hálendinu. Hann bendir á að í vetrarferðum er verið að ferðast á 3 metra þykkum snjó sem ver landið og þegar snjórinn hverfa þá hverfa sleðaförin líka. Hann bendir á að margir ganga Laugaveginn og að víða hafi myndast ljót ummerki í náttúrunni og að stígar sem stækka hverfi ekki líkt og bíla/sleðaför á veturna gera. Hann vonast til að tillit verði tekið til þessara athugasemda. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins þá munu endurskoðuð mörk einnig greiða fyrir vetrarumferð á þeim svæðum sem nefnd eru í atugasemd og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| *Bergur Pálsson,* skálaleigjandi í Veiðivötnum, telur að það sé alvarlegur misskilningur í áætluninni hvað varðar lokanir á svæði 1. Hann bendir á að mikil umferð gangandi fólks sé innan og við friðlandið og álag sökum þeirra. Vandamálið sé sumarferðamennskan en ekki vetrarferðamennskan. Álagið komi á sumrin. Hann telur að styðja eigi alla umhverfisvæna og góða vetrarnýtingu á svæðunum. Rökstuðningur á bann við vetrarumferð stenst ekki og vill þær í burtu. Hann vill frekar að svæðið sé nýtt meira á veturna þar sem það skilur minna eftir sig heldur en sumarferðamennskan. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |

| | |
|---|---|
| | *Með þeim breytingum sem nú eru lagðar til hefur rými til vetrarumferðar verið rýmkað verulega og ætti ekki að takmarka vetrarferðamennsku á svæðinu, en vernd hverasvæða jafnframt tryggð.* |
| *Grímur Snæland Sigurðsson og Sigurður Grímsson* mótmæla fyrirhuguðum áætlunum um svæðaskiptingu. Þeir hafi aldrei orðið vitni að nokkrum varanlegum landslagsskemmdum sem rekja megi til aksturs beltafarartækja eða jeppa á stórum hjólum. Þá nefna þeir að helstu skemmdir sem sjá má á þessum landshluta sé vegna átroðnings gangandi vegfarenda og að það sé óumdeilt. Þeir benda á að svæðið sé eitt mest sótta svæði Íslands af beltahjóla-, jeppa- og vélsleðamönnum og jafnframt enginn hópur fólks sem sæki þessi svæði að vetri til eins og þessi hópur. Þá hafi þeir í gegnum tíðina rekist á einn og einn gönguskíðahóp, aðallega erlenda og vill koma á framfæri að nokkrir af þessum gönguskíðamönnum hafi þegið far hjá þeim þegar aðstæður hafi verið viðsjáverðar. Þeir sjái ekki að lokun þessa svæðis eigi við málefnaleg rök að styðjast og þjóni engu um verndun á náttúru svæðisins. Hann skorar á Umhverfisstofnun að færa fram málefnaleg rök, studd rannsóknum, sem sýna fram á að vetrarferðamennska þessara hópa setji svæðið í hættu. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Jóhannes H Sigurðsson mótmælir áformum um að takmarka umferð vélsleða á ákveðnum svæðum á Fjallabaki. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án* |

| | |
|---|---|
| | *þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins þá munu endurskoðuð mörk einnig greiða fyrir vetrarumferð á þeim svæðum sem nefnd eru í atugasemd og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Í athugasemdum *Gísla Símonarsonar og Hauks Parelius* kemur fram að ef allt er bannað þá tapist þekking og tenging Íslendinga við landið okkar og eins hluti af menningu og sögu. Umferð á breyttum jeppum og vélsleðum er ekki og verður ekki fjölda-túrismi. Þetta séu fyrst og fremst Íslendingar að kanna landið sitt og njóta. Það þarf að bregðast við þegar náttúran bíður skaða af en það á ekki við um akstur á snjó upp á hálendi. Það að vernda svæðið og stýra er marklaus að vetrarlagi þar sem landið verndar sig sjálft með snjóalögum. Þá nefnir Haukur að Umhverfisstofnun gæti til dæmis stutt við fræðslu í samstarfið við F4x4 og LÍV. Hann telur að með því að taka þessa reglu í burtu muni nást breiðari samstaða og sátt um verndun svæðisins. Þá nefnir hann að ekki megi gleyma markmiðinu „að núverandi og komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirrar náttúru sem svæðið hefur upp á að bjóða“ en það verði ekki gert með boðum og bönnum. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins þá munu endurskoðuð mörk einnig greiða fyrir vetrarumferð á þeim svæðum sem nefnd eru í atugasemd og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| *Arnar Sigurðarson* óskar eftir rökum vegna takmörkun á vetrarumferð og benti á að líklegra væri til árangurs að hrinda af stað upplýsinga- og fræðsluátaki í samstarfi við Landsamband Íslenskra vélsleðamanna (LÍV). Þá bendir hann á að mestu sýnilegu náttúruskemmdirnar séu af völdum göngufólks. Sleðamenn ferðast á snævi þakinni jörð og skilja ekkert eftir sig nema förin í snjónum, sem hverfa við næstu veðraskil. Hann skorar á Umhverfisstofnun að færa fram sannanir þess efni að vélsleðaumferð hafi valdið nokkrum varanlegum landslagsskemmdum á þessum svæðum. Þá telur hann skilgreiningar um ákveðnar vélsleðaleiðir illa ígrundaðar. Hann bendir á að leiðarval þegar ferðast er á vélsleða getur verið mjög misjafnt | *Markmiðið með svæðaskiptingunni er að standa vörð um mjög viðkvæmar jarðminjar hverasvæðanna. Ekki er hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að óheimilt verði að aka á þessum svæðum, bæði vegna náttúruverndar og eins vegna öryggis gesta. Dæmi um skemmdir vegna vélsleða eru ekki algeng en hafa þó komið til og eru nokkur skráð tilvik hjá Umhverfisstofnun.*<br><br>*Umhverfisstofnun fagnar því að Landsmanband íslenskra vélsleða leggi til að farið verði í fræðsluátak um umferð vélsleða á viðkvæmum náttúrusvæðum og er tilbúin til samstarfs um það.* |

| | |
|---|---|
| eftir aðstæðum hverju sinni. Ríkjandi áttir í veðráttu geta breytt mögulega færum leiðum frá vetri til vetrar, og stundum einni viku til annarrar. | *Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar var lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum breytingum telur Umhverfisstofnun að verndun hverasvæðanna og áhrifasvæða þeirra sé tryggð án þess að upplifun vetrargesta skerðist. Þá telur stofnunin einnig að þau gögn sem unnin hafa verið samhliða breytingunni á mörkum á svæði 1 munu stuðla að auknu öryggi gesta þar sem hægt verður að hlaða kortagögnum niður í leiðsögutæki af heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| Jónmundur G. Guðmundsson gerir athugasemd við takmörkun vetrarumferðar og bendir á að vetrarumferð skilji ekki eftir sig frekari ummerki í náttúru heldur en gangandi umferð. Því telur hann illa vegið að þeim sem stundi vetrarumferð. | *Verndun hverasvæðanna er mikilvæg þar sem um mjög viðkvæmar jarðminjar er að ræða og ekki hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum. Því telur stofnunin mikilvægt að akstursbann sé á hverasvæðum og áhrifasvæðum þeirra. Hins vegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar, hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins þá munu endurskoðuð mörk einnig greiða fyrir vetrarumferð á þeim svæðum sem nefnd eru í atugasemd og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |
| *Guðmundur Árnason* mótmælir lokunum og aðallega á svæði 1. Tekur hann jafnframt fram að lokanir á blettum innan Torfajökulsöskjunnar, vestan Hrafntinnuskers, Dalakofa og Jökulgil geri það ómögulegt fyrir vélsleðafólk eða önnur farartæki að ferðast að vetri um svæðið. Bendir Guðmundur á að | *Dæmi um skemmdir vegna vélsleða eru ekki algeng en hafa þó komið til og eru nokkur skráð tilvik hjá Umhverfisstofnun. Markmiðið með svæðaskiptingunni er að standa vörð um mjög viðkvæmar jarðminjar hverasvæðanna. Ekki er hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á* |

| | |
|---|---|
| ekki sé hægt að fylgja vegi að vetri samkvæmt GPS tæki inn í Landmannalaugar þar sem vegurinn liggur undir hlíð og snjósöfnun þar mikil. Ef þessar reglur taka gildi þá er ekki hægt að fara á vélsleða uppá Háskerðing. Lokað sé á leiðir úr öllum áttum þegar komið er í Hrafntinnusker og bendir hann á að á sumrin sé göngufólk að ganga þessa leið (Laugaveginn) eftir göngustíg sem breikkar með hverju árinu. Nefnir hann að verið sé að mismuna útivistarhópum og umferð hjólandi sé vaxandi vandamál og að aukið þyrluflug rjúfi öræfakyrrð. Að lokum lýsir Guðmundur óánægju sinni með að ekki skuli vera haft samráð við eigendur skála á Hungurfitjum, Krók og Dalakofa við gerð áætlunarinnar. | *jarðhitasvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að óheimilt verði að aka á þessum svæðum, bæði vegna náttúruverndar og eins vegna öryggis gesta. Hinsvegar, í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem borist hafa vegna vetrarumferðar hefur verið lögð umtalsverð vinna í að endurskoða svæði 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þess.*<br><br>*Umhverfisstofnun varð við ósk eigenda skálanna á Hungurfitjum, Krók og Dalakofa og bauð þeim á fund sumarið 2020 þar sem farið var yfir þeirra athugasemdir.* |
| *Þorvarður Ingi Þorbjörnsson og Tristan Tours efh (Gunnþór Sigurgeirsson)* gera athugasemd við töflu 1 og reglur sem að þeirra mati hefta ferðafrelsi umfram þörf: „vetrarumferð vélknúinna ökutækja á snjó utan vega óheimil“ og „umferð fólks utan gönguleiða og áningarstaða óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar“. Þá benda þeir á að lítil ummerki séu að finna eftir ferðamenn og þá sérstaklega vetrarferðamennsku, þá hverfi spor smala, gangandi, ríðandi og akandi í tímans rás. Þorvarður telur að það að stýra ferðamönnum að vetrarlagi sé óþarfi þar sem landið verndar sig sjálft. Þeir ítreka að með lokunum, boðum og bönnum sé ekki verið að gefa núverandi og komandi kynslóðum tækifæri á að njóta þeirrar náttúru- og menningarminja sem svæðið hefur upp á að bjóða. Þá benda þeir á að það sé ekki sanngjarnt að „heill her fólks“ hafi það að fullu starfi á fullum launum að takmarka aðgengi þeirra sem vilja áfram ferðast frjáls um landið, þar sem flest hagsmunasamtök og einstaklingar og minni fyrirtæki þurfa að koma að erindum með vinnu utan hefðbundins vinnutíma, með ólaunuðu vinnuframlagi. Að þeirra mati virðist megintilgangurinn að loka fyrir ákveðna tegund umferðar, en leyfa aðra. Þar sem gangandi skilja líka eftir sig spor í | *Vegna athugasemda Þorvarðar og Gunnþórs bendir Umhverfisstofnun á að markmiðið með svæðaskiptingunni er að standa vörð um mjög viðkvæmar jarðminjar hverasvæðanna sem er að finna á svæðinu. Ekki er hægt að ganga að því vísu að snjóalög séu traust á jarðhitasvæðum og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að óheimilt verði að aka á þessum svæðum, bæði vegna náttúruverndar og eins vegna öryggis gesta.*<br><br>*Í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma vegna vetrarumferðar var lögð umtalsverð vinna í að endurskoða mörk svæðis 1. Niðurstaðan var sú að mörk svæðisins voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þeirra. Með þessum breytingum telur Umhverfisstofnun að verndun hverasvæðanna og áhrifasvæða þeirra sé tryggð án þess að upplifun vetrargesta skerðist. Þá telur stofnunin einnig að þau gögn sem unnin hafa verið samhliða breytingunni á mörkum á svæði 1 munu stuðla að auknu öryggi gesta þar sem hægt verður að hlaða kortagögnum niður í leiðsögutæki af heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |

| | |
|---|---|
| náttúrunni þá sé tilgangurinn ekki endilega náttúruvernd þegar verið er að loka vegum sem hafa verið til í langan tíma.<br><br>Þá nefna þeir einnig að akstur utan vega eigi ekki við rök að styðja heldur sé vandamálið hvað varðar lagfæringar á vegum á svæðinu, en með því að fylla í lægðir og með því að hafa aðalveg ökuhæfan halda flestir ökumenn sig á veginum. Ekki sé hægt að koma í veg fyrir slys, mistök, óaðgætni, kæruleysi eða ásetning, innan né utan friðlanda og þjóðgarða. Þá fara þeir fram á að úttekt verði gerð á því hvaða hvatar liggja að baki áætlunarinnar um að „vetrarumferð vélknúinna ökutækja á snjó utan vega óheimil" vítt og breitt innan friðlandsins, yfirlýstur tilgangur friðlýsingar felur þetta ekki í sér.<br><br>Þá gera þeir athugasemd við hvernig samráðsaðilar séu valdir, hver velji og hvernig það fari fram. | *Umhverfisstofnun tekur ekki undir það sjónarmið að „ekki sé sanngjarnt að heill her fólks hafi það að fullu starfi á fullum launum að takmarka aðgengi þeirra sem vilja áfram ferðast frjáls um landið…" Umhverfisstofnun telur að athugasemdin sé ómálefnaleg og tekur ekki afstöðu til hennar, en bendir þó á að samkvæmt 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hluti af hlutverkum Umhverfisstofnunar að annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða og annast gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Þá er jafnframt kveðið á um það í 79. gr. sömu laga að Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með náttúruverndarsvæðum. Í þessu felst að stofnuninni ber að standa vörð um verndargildi friðlýstra svæða.* |
| *Sveitarstjórn Rangárþings* ytra gerir athugasemdir við lið 3.7.10 og 3.7.10.1 og leggur til að vetrarumferð vélknúinna ökutækja sé leyfð á öllum svæðum, í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur. | *Mörk svæðis 1 voru endurskoðuð og minnkuð umtalsvert í samræmi við nákvæmari gögn um hverasvæði og áhrifasvæði þess. Með þessum niðurstöðum er hægt að tryggja verndun hveranna og áhrifasvæði þeirra, án þess þó að skerða upplifun vetrargesta svæðisins og eins munu gögnin stuðla að auknu öryggi þar sem hægt verður að hlaða niður kortagögnum í leiðsögutæki á heimasíðu Umhverfisstofnunar.* |

## Málsmeðferð Umhverfisstofnunar

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Ferðaklúbburinn 4x4 taldi tímasetningu á auglýsingu henta illa þar sem ástandið í samfélaginu væri ekki með besta móti og erfitt fyrir hópa að funda og tími til að skila inn athugasemdum væri of stuttur. | *Varðandi athugasemd Ferðaklúbbsins 4x4 þá bendir Umhverfisstofnun á að tillaga að stjórnunar- og verndaráætlun skal auglýst opinberlega og skulu athugasemdir berast innan sex vikna frá birtingu auglýsingar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Vegna ástandsins í samfélaginu veitti Umhverfisstofnun frest til að skila inn athugasemdum og var Ferðaklúbburinn 4x4 meðal þeirra sem fengu frest.* |

## Aðrar athugasemdir

*Svör Umhverfisstofnunar*

| | |
|---|---|
| Freyr Þórsson, Eiður S. Valsson, Þór Sigurjónsson, Davíð Ingason, Ívar Ö. Lárusson, Jóhann G. Heiðarsson og Andri Björnsson benda á að drög að stjórnunar- og verndaráætlun eigi við árin 2020-2029 en að aðgerðaáætlun nái aðeins til ársins 2023. Þá óska Freyr Þórsson, Þór Sigurjónsson, Davíð Ingason, Ívar Ö. Lárusson, Jóhann G. Heiðarsson og Andri Björnsson eftir upplýsingum um fyrirkomulag leyfisveitinga, hvort að einstaklingar geti sótt um ferða- og tjöldunarleyfi og hvort að slík leyfi séu fyrir einstakt skipti eða hvort þau geti gilt til lengri tíma. | *Varðandi ábendingar um aðgerðaáætlun þá gildir hún til þriggja ára en er uppfærð árlega í samræmi við Landsáætlun um uppbyggingu innviða sem úthlutar fjármagni til framkvæmda.*<br><br>*Umsókn um leyfi á friðlýstum svæðum er sótt um á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Hver og ein umsókn er metin sérstaklega og gert áhrifamat með tilliti til mögulegra áhrifa á náttúru svæðisins.*<br><br>*Varðandi leyfi til tjöldunar utan skilgreindra svæða þá hafa verið lagðar til breytingar á reglunni og segir hún nú að samráð þurfi að hafa við landvörð eða umsjónaraðila svæðisins ef áætlað er að tjalda utan skilgreindra tjaldsvæða, en ekki þarf formlegt leyfi til slíks.* |
| Sigríður Ingólfsdóttir bendir á skortur er á tölulegum upplýsingum m.a. um gistingu í tjöldum og skálum við Landmannahelli, Hrafntinnusker, fjölda göngumanna á Laugavegi, umferð gegnum Dómadal og Sigöldu hestamenn, hjólreiðafólk, göngufólk, veiðikonur, rannsóknarhópa, hlutfallslegan fjölda daggesta í laugina við Landmannalaugar ásamt því að skilgreina hlutfall | *Varðandi ábendingar Sigríðar um skort á tölulegum gögnum þá bendir Umhverfisstofnun á að þær tölulegar upplýsingar sem eru aðgengilegar um fjölda gesta sem heimsækja Landmannalaugar eru í áætluninni. Umhverfisstofnun hefur aðgang að tölulegum upplýsingum um fjölda gistinátta í Landmannalaugum, Landmannahelli og Hrafntinnuskeri. Þessir* |

| | |
|---|---|
| innlendra og erlendra ferðamanna. Sigríður telur að ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir sé stjórnunar- og verndaráætlun fálm í myrkri. | *gististaðir eru einkareknir og mun stofnunin skoða hvort leyfi fáist til að birta þær upplýsingar. Stofnunin hefur ekki aðgang að tölulegum upplýsingum um hjólreiðafólk og hestamenn en mun kanna möguleika í framtíðinni að afla þeirra gagna. Aðrar tölulegar upplýsingar sem stofnunin hefur aðgang að eru ekki áreiðanlegar og því ekki birtingarhæfar. Í áætluninni er gert ráð fyrir í aðgerðaáætlun að bæta úr tölulegum upplýsingum um fjölda gesta í friðlandinu, þ.á.m. um fjölda sem gengur Laugaveginn á hverju ári. Umhverfisstofnun telur að unnt sé að gera stjórnunar- og verndaráætlun án þess að þær upplýsingar sem vísað er til liggi fyrir, en að í áætluninni sé gert ráð fyrir að þeirra upplýsinga sé aflað og í kjölfarið verði áætlunin uppfærð m.t.t. nýrra gagna.* |
| NSS benti á í athugasemdum sínum að í stað þess að fjalla um Landmannalaugar sem einn mest sótta viðkomustað ferðamanna á hálendi Íslands og Laugaveginn sem eina vinsælustu hálendisgönguleið landsins ætti fremur að vísa til lang fjölsóttasta viðkomustað ferðamanna á hálendi Íslands og lang vinsælustu/mest gengnu hálendisgönguleið landsins.<br><br>Þá bentu samtökin á að varðandi leyfisveitingar vegna mannvirkjagerðar, efnistöku og annars jarðrasks sitji Umhverfisstofnun beggja vegna borðsins í þeim tilvikum sem stofnunin er framkvæmdaraðili. Þessu telja samtökin að þurfi að breyta og leggja til að valdið flytjist í slíkum tilfellum til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eða undirstofnana sem það myndi fela málið.<br><br>Auk þess bentu NSS á í tengslum við ágengar tegundir að aðeins sé nefnt að vöktun verði á framgangi ágengra tegunda en samtökin benda á að skýrt þarf að setja fram að uppræting skuli eiga sér stað.<br><br>Varðandi menningarminjar bentu samtökin á að geta ætti hlaðins bátaskýlis við Bjallavað. | *Varðandi hvort um mest sótta ferðamannastað sé að ræða á hálendi Íslands, þá hefur Umhverfisstofnun ekki staðfestingu á því að svo sé og mun því ekki vísa til þess í áætluninni.*<br><br>*Varðandi athugasemd NSS um framkvæmdir innan friðlandsins þá bendir stofnunin á að ávallt þarf leyfi sveitarfélags fyrir framkvæmdum innan friðlandsins, sama þó Umhverfisstofnun sé framkvæmdaraðili. Umsókn um fjármagn til framkvæmda sem stofnunin stendur að fer í gegnum Landsáætlun um uppbyggingu innviða sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið heldur utan um og eru því framkvæmdir háðar samþykki ráðuneytisins í gegnum Landsáætlun.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar um upprætingu framandi ágengra tegunda hefur áætluninni verið breytt til samræmis við athugasemdina.* |

| | |
|---|---|
| | *Umhverfisstofnun þakkar ábendinguna um bátaskýlið og mun taka það til skoðunar í samráði við Minjastofnun sem fer með menningarminjar.* |
| NSS bentu einnig á atriði sem betur mættu fara varðandi orðalag, málfars- og hugtakavillur og misritanir. | *Umhverfisstofnun þakkar ábendingarnar.* |
| Gísli Símonarson og Haukur Parelius benda á stækkandi bákn eftirlits. Telja þeir að sumar af tillögum áætlanarinnar um leyfisumsóknir leiði til sístækkandi bákns með tilheyrandi kostnaði og skriffinnsku og leggja þeir til að mætti endurmóta tillögur til að stækka ekki báknið. | *Umhverfisstofnun þakkar ábendinguna. Stofnunin telur nauðsynlegt að sótt sé um leyfi fyrir framkvæmdum eða athöfnum sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins eða upplifun gesta. Þegar leyfi eru gefin út eru settar fram leiðbeiningar um hvernig framkvæmdum eða athöfnum skuli háttað til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif.* |
| Í athugasemdum Landsnets leggur félagið fram þá tillögu að breyta eigi mörkum sbr. kafla þar um. Verði mörkunum ekki breytt bendir félagið á að veita þurfi Landsneti sambærilegar undanþágur og leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar njóta samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun. | *Varðandi breytingar á mörkum svæðisins bendir Umhverfisstofnun á að við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar kemur ekki til skoðunar að endurskoða mörk friðlandsins. Komi til þess verður það gert við endurskoðun friðlýsingarskilmála svæðisins, en ein af aðgerðunum í aðgerðaáætlunum fjallar um að endurskoða skuli friðlýsingarskilmála svæðisins. Hvað varðar aðgengi að raflínum bendir Umhverfisstofnun á að ekki eru lagðar til neinar breytingar sem snúa að aðgengi að raflínum.* |
| Ferðaklúbburinn 4x4 gerir athugasemdir við að samráðsfundir hafi verið haldnir á Hellu, en ekki í Reykjavík þar sem megin þorri þeirra sem notar friðlandið býr og starfar. Þá er einnig bent á að samstarf við útivistarfólk ætti að vera mun meira og koma á fyrri stigum en ekki þegar stjórnunar- og verndaráætlanir eru fullmótaðar. Ferðaklúbburinn bendir einnig á að svæðaskipting og notkun á orðasambandinu „akstur utan vega á snjó“ hafi ekki verið kynnt á samráðsfundum og því ekki afrakstur samráðs. | *Umhverfisstofnun þakkar fyrir ábendingun varðandi samráð á fyrri stigum við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og mun taka það til skoðunar. Stofnunin bendir á að sérstakur samráðsfundur var haldinn í Reykjavík þann 14. júní 2019 þar sem fulltrúi Ferðaklúbbsins 4x4 og fulltrúar frá FETAR sátu. Á fundinum var meðal annars farið yfir drög að korti og sérreglur um umferð og dvöl og þá möguleika að takmarka umferð á viðkvæmum svæðum. Varðandi samstarf á fyrri stigum þá bendir Umhverfisstofnun á að haldinn var opinn samráðsfundur á Hellu 12. nóvember 2018 þar sem fólk gat komið* |

| | |
|---|---|
| | *með hugmyndir í vinnuhópa sem fundargestum var skipt upp í. Umhverfisstofnun bendir einnig á að kynningarferli áætlunar er mikilvægt skref í vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana þar sem öllum gefst tækifæri á að koma með athugasemdir, öllum athugasemdum er svarað og tekið tillit til þeirra sem metið er að þörf sé á.*<br><br>*Hvað varðar ábendingar varðandi hugtakanotkun hefur komið fram á samráðsfundum með Ferðaklúbbnum 4x4 að notkunin sé í samræmi við ákvæði 31. gr. laga um náttúruvernd. Í samræmi við athugasemdir hefur orðalagi verið breytt í áætluninni á þann hátt að nú er vísað til aksturs á snjó utan veglínu.* |
| Mennta- og menningarmálaráðuneytið benda á að gefið hefur verið út mikilvægt rit af heimsminjaskrifstofu UENSCO, IUCN, ICCROM og ICOMOS. Ritið heitir *Managing Natural World Heritage*. Ráðuneytið bendir á að þar sem Torfajökulssvæðið er eitt af þeim svæðum sem eru á yfirlitsskrá Íslands hjá heimsminjaskrifstofunni í París þá sé ef til vill að finna gagnlegar leiðbeiningar í ritinu sem taka á verndun og stjórnun heimsminjastaða. | *Umhverfisstofnun þakkar ábendinguna og hefur sett í áætlunina að hafa skuli þetta rit til hliðsjónar við verndun og stjórnun friðlandsins.* |